

FÍFUHAMMUR

HVERFISÁÆTLUN 2019

Skipulags- og byggingardeild



Kópavogsbær

Hverfið er umgjörðin um okkar daglega líf

Unnið af Umhverfissviði Kópavogsbæjar

Hönnun og umbrot: Kópavogsbær

Útgefandi: Kópavogsbær

© Kópavogsbær 2019

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild án skriflegs leyfis Kópavogsbæjar.

Ávarp bæjarstjóra

Í kjölfar þess að Aðalskipulag Kópavogs 2014-2024 var samþykkt var afráðið að vinna hverfisáætlanir fyrir hverfin fimm í Kópavogi. Hverfisáætlun hefur ekki sama lögformlega gildi og hverfisskipulag, en í hverfisáætlun kemur fram staða hverfisins og áætlaðar framtíðar verkefni næstu árin.

Hverfisáætlun Fífuhvams er þriðja hverfisáætlunin sem lýtur dagsins ljós, en áður hafa komið út tilsvarendi hverfisáætlanir fyrir Smárahverfið 2015 og Kársnes 2018.

Við gerð hverfisáætlanna er lögð áhersla á þarfir íbúa hverfisins og hvað má gera betur til að skapa vistvænna og lýðheilsuvænna hverfi. Í veigamiklu samráðsferli og samtali við íbúa hverfisins voru haldnir íbúafundir í Linda- og Salhverfi sem voru vel sóttir. Þá hefur ábendingakerfi bæjarins verið notað og hverfaráð Fífuhvams, íbúasamtök, nemendafélög og skólastjórnendur hafa tekið þátt í þessari vinnu.

Í hverfinu eru fjölmörg fyrirtæki af ýmsu tagi, verslanir, skóli og leikskólar og frábær aðstaða til útivistar og íþróttaiðkunar. Íbúar í hverfinu eru líka almennt sáttir við sitt hverfi, það er meðal þess sem fram hefur komið í vinnunni að hverfisáætlunina.

Áherslur og leiðarljós hverfisáætlunarinnar um að skapa lýðheilsu- og vistvæn hverfi í góðu samráði við íbúa hverfisins er í samræmi við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna sem Bæjarstjórn Kópavogs hefur nýverið samþykkt að hafa sem yfirmarkmið Kópavogsbæjar.

Það er stefna bæjaryfirvalda að auka sjálfbærni og samráð í skipulagsmálum og er hverfisáætlunarvinnan gott dæmi um verkefni sem samræmist heimsmarkmiði nr. 11, um að skapa sjálfbær og aðgengileg samfélög

Gerð hverfisáætlunar var að mestu á höndum skipulags- og byggingardeildar á Umhverfissviði Kópavogs, en eins og fyrr sagði þá var víðtækt samráð við íbúa við gerð áætlunarinnar.

Það verður áhugavert að fylgjast með uppbyggingu í hverfinu á næstu árum, bæjaryfirvöld hafa sett sér það markmið að framkvæma það sem fram kemur í framkvæmdaáætlun hverfisins á næstu árum.

Með kveðju

Ármann Kr. Ólafsson.

Ávarp formanns skipulagsráðs

Mikinn fróðleik um Sala-og Lindahverfi er að finna í hverfisáætlun fyrir Fífuhvamm. Hverfisáætlunin gerir grein fyrir sögu og uppbyggingu hverfisins ásamt því að lýsa byggðarmynstri, náttúrulegu umhverfi, yfirbragði og gatnakerfi hverfiseininganna.

Á íbúafundum sem haldnir voru vegna vinnu við hverfisáætlunina komu fram ábendingar og athugasemdir frá íbúum um það sem þeir telja betur mætti fara í hverfinu. Unnið hefur verið með ábendingarnar úr samráðsferlinu og útbúin hefur verið aðgerðaráætlun fyrir hverfið.

Hverfisáætlunin stuðlar að enn betur að auknu umferðaröryggi, vistvænum samgöngum, fegrun umhverfis og útivistarsvæða.

Það er von mín að hverfisáætlunin sem nú hefur verið samþykkt í skipulagsráði muni nýtast bæjaryfirvöldum og íbúum hverfisins í að ná markmiðum hverfisáætlunarinnar um að skapa lýðheilsuvænt og sjálfbært hverfi.

Bestu kveðjur

Helga Hauksdóttir



Efnisyfirlit


1. Inngangur	8
2. Saga og skipulag hverfisins	6
3. Formfræði og einkenni byggðarinnar	36
4. Mat á gæðum byggðar, umhverfi og skipulagi.	66
- Samfélag	
- Athafnir daglegs lífs	
- Efnahagur	
- Manngert umhverfi	
- Náttúrulegt umhverfi	
5. Kynning og samráð	92
6. Framtíðarsýn og áherslur	92
7. Framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna	95
8. Heimildaskrá	97
9. Viðauki	99
- Samráð	
- Grunn gögn greiningarvinnu	
- Gátlisti	

1. Inngangur


Aðalskipulag Kópavogs var samþykkt árið 2014. Þar er tilgreint að í kjölfar þess verði unnið hverfisskipulag fyrir fimm hverfi bæjarins, þ.e. Kársnes, Digranes, Smárinn, Fífuhvammur og Vatnsenda þar sem fram koma nánari skilgreiningar og ákvæði fyrir hverfin. Þar eru m.a. tölfræðilegar upplýsingar um ferðamynstur íbúa, íbúðagerðir, aldur húsnæðis, hæð, og umfang bygginga og hvernig fella má nýja byggð inn í eldri hverfi. Sett eru sérstök ákvæði um starfsemi og notkun hverfisins. Hlutverk hverfisskipulags er að kveða nánar en gert er í aðalskipulagi á um helstu þætti hvers bæjarhluta, með áherslu á hvar breytinga er að vænta eða hvar þeirra er þörf. Í hverfisskipulagi er fyrst og fremst fjallað um byggðina, þjónustu, umhverfi, umferð og íbúa.

Eftir nánari skoðun var tekin ákvörðun um að betra væri að vinna hverfisáætlun fyrir hverfin fimm og svo meta í kjölfarið hvort að þörf er á hverfisskipulagi eða fara aðrar leiðir sem verða skoðaðar síðar. Munurinn á hverfisskipulagi og hverfisáætlun er sá að hverfisskipulag er lögformlegt skjal sem kemur í staðin fyrir gildandi deiliskipulög í viðkomandi hverfi en hverfisáætlun er ekki lögformlegt skjal en fær samþykki bæjarstjórnar og þar kemur fram staða hverfisins og möguleg framtíðaruppbygging og þróun næstu árin, svokölluð framkvæmdaráætlun.

Skipulags- og byggingardeild Kópavogs hefur frá ársbyrjun 2014 unnið að mótun hverfisáætlana fyrir hverfin fimm í Kópavogi, Kársnes, Digranes, Smárann, Fífuhvammur og Vatnsenda. Fyrst var unnin hverfisáætlun fyrir Smárann, þar á eftir hverfisáætlun fyrir Kársnes og Fífuhvamm. Að lokum verða unnar hverfisáætlunir fyrir Vatnsenda og Digranes. Hverfisáætlunavinnan fyrir Fífuhvamm fór fram á tímabilinu maí 2015 til 2018 og er afrakstur hennar þessi áætlun. Þetta er í fyrsta skipti sem



Hverfisskipting Kópavogs.



Skipulagsáætlunir.

heildstæð áætlun um stöðu Fífuhvams er gerð frá því að hverfið byggðist upp fyrir um 20 árum.

Forsendur hverfisáætlunarinnar eru að færa Aðalskipulag Kópavogs nær íbúum og taka mið af þeirra þörfum, þeirra sem búa og starfa í hverfinu. Jafnframt að skilgreina innviði hverfisins sem nýtist í áframhaldandi uppbyggingu og endurbætur.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 segir eftirfarandi um Fífuhvamm:

Bæjarhluti Fífuhvams var skipulagður frá grunni á árunum 1992 - 2001. Íbúðarhverfin eru tvö, Lindir og Salir, en atvinnusvæðin eru við Bæjarlind, Álalind, Akralind, Askalind og Skógarlind.

Blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúda einkennir bæjarhlutann. Landnotkun í Fífuhvammi er að stærstum hluta íbúðarhúsnæði ásamt íþrótt- og útivistarsvæði. Kirkjugarður Kópavogs er í bæjarhlutanum. Vestast er verslunar- og þjónustusvæði.

Fyrir dyrum stendur áframhaldandi uppbygging í Fífuhvammi. Helsta nýbyggingarsvæðið er í Glaðheimum þar sem áður var athafnasvæði Hestamannafélagsins Gusts. Unnið var á árunum 2008 - 2009 svæðis-, aðal- og deiliskipulag fyrir svæðið þar sem gert var ráð fyrir blandaðri byggð verslunar, þjónustu og íbúða. Uppbygging á svæðinu er komin vel á veg og búið er að fjarlægja flest hesthúsin sem þar voru og hafa hestamenn fengið aðstöðu á Kjóavöllum. Einnig hefur verið gert deiliskipulag eða breytingar á deiliskipulagi í Hnoðraholti - Smalaholti, við Bæjarlind 8 - 10 og Skógarlind 1 - 2.

Hverfisáætluninni er skipt í sjö meginkafla, auk heimildaskrár og viðauka. Fyrst er inngangur, síðan er greint frá sögu og skipulagi hverfisins, þá stöðu hverfisins, greint frá kynningu og samráði og síðast er fjallað um mögulega framtíðarsýn og áhersluatriði hverfisins. Í lok hverfisáætlunar er framkvæmdaáætlun og forgangs röðun verkefna. Í viðauka má sjá kort, greiningar o.fl. upplýsingar sem voru unnar samhliða þessu verkefni (Grunngögn greiningarvinnu). Auk gagna úr samráðsferlinu.

Í upphafi var lögð mikil áhersla á að skoða stöðu hverfanna með lýðheilsu og vistvæna þætti sem áhersluatriði. Með þessum þáttum er leitast við að meta stöðu hvers hverfis út frá því hverjir möguleikar íbúa eru til útivistar, fjölbreytileika í verslun og þjónustu og útivistarsvæðum.

Samráð

Áhersla var á gott og gagnvirkt samráð við íbúa, hverfaráð og fleiri aðila. Hverfaráð Fífuhamms fundaði með starfsmönnum skipulags- og byggingardeildar í byrjun verkefnis. Fundað var með íbúum Fífuhamms vorið 2015 með þjóðfundarsniði, auk þess sem heimasíða verkefnisins bauð upp á að senda athugasemdir og ábendingar beint til starfsmanna.

Inngangur
Saga & skipulag
Formfræði og einkenni
Staða hverfisins
Kynning og samráð
Framtíðarsýn & áhersluatriði
Framkvæmdaáætlun
Viðauki

Uppbygging verkefnis.



Hverfaráðsfulltrúar funda um hverfisáætlun.



Íbúar í Fífuhammi á samráðsfundi í Salaskóla.





Uppbyggingartímabil Fífuhamms. Ljós. Friðrik Baldursson

Verkferill

Markmiðið er að tengja hverfisáætlun við gerð fjárhagsáætlun bæjarfélagsins, þar sem tekið verður tillit til framtíðarsýnar og uppbyggingar í Fífuhammi. Hverfisáætlunin er innlegg í næstu endurskoðun aðalskipulags Kópavogs. Fram að þeim tíma verði ábendingum sem berast sveitarfélaginu varðandi hverfisáætlun safnað saman og þær skoðaðar. Jafnframt verði unnið að þeim úrbótum sem lagðar eru fram í þessari áætlun.

Aðferðafræði


Aðferðarfræðin sem stuðst er við í þessu verkefni er byggð á bókinni *Shaping Neighbourhoods* eftir Huge Barton, Marcus Grant og Richard Guise (2010). Þar er lögð rík áhersla á sjálfbærni og lýðheilsu og hvernig skipulag getur haft áhrif á þessa þætti í lífi fólksins sem býr í hverfunum og bætt umhverfi ef svo ber undir.

Eftirfarandi áhrifaþættir eru skoðaðir í hverfisáætluninni:

- Samfélag.
- Athafnir daglegs lífs.
- Efnahagur.
- Manngert umhverfi.
- Náttúra.

Í hverfisáætluninni eru gæði byggðar, umhverfis og skipulags metin út frá vistvænum þáttum og lýðheilsu. Aðferðafræðin og gátlisti setur núllpunkt og vegvísi til framtíðar, ásamt því að vera rammi utan um samtalið við íbúa. Í gátlistanum eru spurningar og athuganir sem svarað var í samvinnu við íbúa. Svörin geta verið bæði huglæg og mælanleg. Mælanlegu viðmiðin eru fjórir flokkar, undir lágmarki, lágmark, æskilegt og gott. Gátlistann má finna í viðauka.

Tímabil	Aðgerðir
Janúar 2014	Fundur með hverfaráði Smárans og Fífuhamms
Maí 2014	Fundur með hverfaráði Fífuhamms
Maí 2014	Heimasíða hverfisáætlunar opnuð ásamt ábendingakerfi
Maí 2015	Fundur með nemendaráðum Linda- og Salaskóla
Maí 2015	Samráðsfundur með íbúum og hagsmunaaðilum



Áhrifaþættir á lífsgæði og heilsu í borgum, (H., Barton, M., Grand og R., Guise (2003)).

Tölulegar upplýsingar um Fífuhamm árið 2018

Fjöldi íbúa	6320
Meðalaldur íbúa	38 ár
Fjöldi leikskólabarna	611
Fjöldi grunnskólabarna	1078
Fjöldi á menntaskólaaldri (16-20)	284
Meðalstærð húsnæðis	110 m ²
Meðalfjöldi á hverju heimili	2,78

Tölulegar upplýsingar um Kópavog árið 2018

Fjöldi íbúa	36.115
Meðalaldur íbúa	38 ár
Fjöldi leikskólabarna	2.650
Fjöldi grunnskólabarna	5.050
Fjöldi á menntaskólaaldri (16-20)	1.780
Meðalstærð húsnæðis	141 m ²
Meðalfjöldi á hverju heimili	2,36

Samantekt

Staða Fífuhvamms er almennt mjög góð, um 20 ár eru frá því að hverfið byggðist upp. Flest alla þjónustu má finna í hverfinu eða í Smáranum sem liggur að Fífuhvammi en þessi tvö hverfi eru hluti af svæðiskjarna á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir dyrum stendur áframhaldandi uppbygging í Fífuhvammi í Glaðheimum og við Skógarlind.

Á árunum 1995 og 1996 fóru fyrstu íbúarnir að flytja í Fífuhvamm. Á árunum 1998 voru þeir liðlega 660 talsins og fjölgaði hratt. Í dag búa 6320 íbúar í hverfinu en hverfið er enn í uppbyggingu. Nýbyggingarsvæðið er í Glaðheimum þar sem áður var athafnasvæði Hestamannafélagsins Gusts.

Þeir þættir sem má bæta í hverfinu og þarf helst að huga að eru umferðarmannvirki og hljóðvarnir vegna aukinnar uppbyggingar, ásamt umferðaröryggi sem stuðlar að vistvænum samgöngum. Önnur verkefni snúa að mestu að fegrun og bættu umhverfi fyrir íbúa hverfisins. Umhverfi sem bætir upplifun og hvetur til útveru og hreyfingar.

Á íbúafundi sem haldinn var vegna vinnu við hverfisáætlunina komu fram ábendingar og athugasemdir frá íbúum um það sem þeir telja betur mætti fara í hverfinu

Gæði hverfisins felast í samfélaginu, íbúum hverfisins og því félagslega og efnahagslega umhverfi sem þar er. Ekki spillir fyrir frábær miðlæg staðsetning með fjölbreyttum útivistarsvæðum. Gott samspil milli bygginga og opinna almenningsvæða og þjónustu styrkir innviði bæjarhlutans og eykur möguleikana á vistvænum lífnaðarháttum með fjölbreytt þjónustustig.

VISTVÆNT

Stuðla að fjölbreyttri íbúðarbyggð fyrir fjölbreytt fjölskyldumynstur.

Stuðla að fjölbreyttri verslun og þjónustu.

Stuðla að aukinni ræktun í þéttbýli með fræðslu og kynningu.

Stuðla að fjölbreyttum samgöngumátum.

LÝÐHEILSA

Skapa aðstæður sem stuðla að vistsvænum samgöngum fyrir hjólandi, gangandi og almenningsvagna.

Skapa fleiri góð og fjölbreytt opin svæði.

HVERFISÁÆTLUN

Markmið þessarar áætlunar er að skapa vist- og lýðheilsuvænt hverfi í góðu samráði við íbúa.

Hverfi sem er góður staður til að búa á og skapar umgjörð utan um daglegt líf okkar í hversdagsleikanum.

Þar sem við fáum þá hreyfingu og hvíld sem við þurfum, líkamlega og andlega.

2. Saga og skipulag hverfisins

Fífuhvammur er fjórða hverfið sem byggist upp í þéttbýli Kópavogs og var það skipulagt frá grunni á árunum 1991-2001. Áður höfðu Kársnes, Digranes og Smárinn byggst upp. Íbúðahverfin eru tvö, Lindir og Salir, en atvinnusvæðin eru við Bæjarlind, Álalind, Akralind og Skógarlind. Hverfið er um 220 ha að stærð og afmarkast af Reykjanesbraut í vestri, bæjarmörkum Reykjavíkur og Kópavogs í norðri og Arnarnesvegi ásamt bæjarmörkum Garðabæjar og Kópavogs í suðri. Saman mynda Smárahverfið og Fífuhvammur miðju Kópavogs með mikilli verslunar- og þjónustumiðju sem er hluti af svæðiskjarna höfuðborgarsvæðisins, tengt aðal gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins.

Nafn hverfisins kemur frá Fífuhvammsjörðinni. Fífuhvammur stóð innst eða austast í Kópavogsdalnum, undir vesturtagli Selhryggs, norður af þar sem nú er Núpaland og leikskólinn Núpur hjá Lindaskóla. Hluti af túni bæjarins er þar enn opið svæði.

Í grein um Fífuhvamm sem Adolf J. E. Petersen skrifaði 1984 segir: „Á Hvammkotslandinu mun í framtíðinni rísa veglegar byggingar, háborg komandi tíma, hallir menningar, viðskipta og iðnaðar, ásamt íbúðarhúsum með blómabeðum og trjágróðri í kring og gróandi borgarlífi.“ Héraðsskjalasafn Kópavogs. Afh. 9/2009. Adolf Petersen. BA/1 örk 8. „Fífuhvammur. Hvammkot – Hvammur.“

Landamerkjapunktur Fífuhvammsjarðarinnar um árið 1935. Merkin frá Tvísteinum á Nónhæð og að Hnoðra voru mjög umdeild og hafa breyst í tímanna rás. Að vestan lágu merki frá stöplinum (Svartikleitur áður) við Danskavað sem Hringskonur létu setja upp 1931, í Skútaklett (um Móbarð og Engjaborg) og þaðan í Tvísteina syðst á Nónhæð. Frá Tvísteinum lágu merki um Hnoðraholt (umdeild merki) og Smalaholt að vörðu á Kjávöllum. Að norðan lágu merki við vað á Kópavogslæk (Hvammkotslæk). Að austan eru merki sýnd hér frá steini við vaðið á læknum norðaustan við Fífuhvamm að Markasteini (Markakletti), hornmarki Fífuhvamms, Breiðholts og Vatnsenda. Þaðan var sjónhending suður að vörðunni á Kjávöllum sem var hornmark jarðanna Fífuhvamms, Vatnsenda og Vífilsstaða. Merki þessi hafa breyst mikið. Fífuhvammslandið var 419 hektarar.



Fífuhvammur árið 1932. Guðríður Ísaksdóttir við eldsmiðju fyrir framan bæinn. Húsið var flutt in frá Noregi og rífið 1983. Ljós- óþekktur. Mynd í vörslu Héraðsskjalasafns Kópavogs.





Staðsetning Fífuhvamms, Linda- og Salahverfi, á höfuðborgarsvæðinu og í Kópavogi(Kortavefsjá Kópavogs, 2019).

Örnefni

- 1 Fífuhvammur (Hvammkot)
- 2 Leirdalur er dalkvos milli Hnoðrahólts og Selhryggs.
- 3 Selhryggur nær frá Urðarhólum að Markasteini, landamerkinu fyrir Breiðholt, Vatnsenda, Víflsstaði og Hvammkot (Fífuhvamm). Selhryggur var að mestu leyti í landi Hvammkots.
- 4 Markasteinn er norðan við Hörðuvelli, við enda Rjúpnadals. Markasteinn er viðmiðunarsteinn í mörgum landamerkjalyðingum.
- 5 Háholt heitir svæðið norðan við Selhrygg.
- 6 Lágholt er holtið á milli Breiðholtsmýrar og Fífuhvamms. Merki milli Fífuhvamms og Breiðholts lágu um Lágholt.
- 7 Hádegishólar er við Stekkatún sem er áfast við Stekkatúnsmýri. Í lýsingu Adolfs J.E.P segir: „Er kletthóll til hásuðurs frá gamla bænum í Fífuhvammi. Hóllinn er með miklum jökulrípum er liggja flestar frá suðaustri til suðvesturs. Hóllinn mun hafa verið eyktarmörk frá Fífuhvammi, þannig að þegar sólin bar yfir hóllinn séð heiman frá Fífuhvammi þá hafi verið hádegi.“
- 8 Hnoðraholt er hæðin suðaustan við Nónhæð og vestan Leirdals.



Lofmyndin sýnir hluta af Kópavogi eins og hann er í dag auk landamerkjapunkta Fífuhvammsjarðarinnar um árið 1935. Örnefni eru merkt inn á loftmyndina.

- 9 Smalaholt er suður af Leirdal. Landamerki milli Fífuhvamms og Víflsstaða.
- 10 Grund norðan við Stekkatúnsmýri



Loftmynd af Fífuhammi frá 1988. Á myndinni má sjá Breiðholtið og hesthúsabyggðina í Glæheimum (Kópavogur, 1988).



Aðalskipulag Kópavogs 1969

Þróun Fífuhvams í Aðalskipulags Kópavogs frá 1969 - 2012

Í fyrsta skipulagsuppdraetti aðalskipulags Kópavogs (AK) var Fífuhvammshverfið ekki teiknað inn og má draga þá ályktun að ekki hafi verið gert ráð fyrir byggð þar á þessum tíma. Í AK frá 1982 voru fyrstu drög að Arnarnesveginum komin inn á uppdrátt en Fífuhvamsvegurinn eins og hann er í dag hefur tekið miklum breytingum.

Í aðalskipulaginu frá 1988 voru vísar að hverfunum eins og þau eru í dag komnir, Arnarnesvegurinn og Fífuhvamsvegurinn einnig ásamt verslunar og þjónustusvæði í sitthvorum enda hverfisins. Gert var ráð fyrir iðnaðarsvæði þar sem Akra- og Askalind eru í dag.


Í aðalskipulaginu frá 1992 - 2012 var gert ráð fyrir samanlagt um 44 ha íbúðarbyggð með um 3.000 íbúum. Jafnframt um 24,5 ha atvinnusvæði og miðbæjarsvæði með 100.000 m² húsnæði.

Í aðalskipulaginu frá 2000 er Fífuhvammur orðinn eins og við þekkjum hann í dag en þó vantar íbúðabyggðina í Smalaholti og ekki er búið að taka út hesthúsasvæðið í Glaðheimum. Kirkjugarðurinn er kominn inn.

Í nýjasta aðalskipulaginu frá 2012 sem er í gildi í dag er Glaðheimasvæðið þróunarsvæði og íbúðarbyggð í Smalaholti komin, auk þess sem svæðið undir Salalaug er nú skilgreint sem íþróttasvæði.



Aðalskipulag Kópavogs 1982-2003



Aðalskipulag Kópavogs 1988-2008




Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012



Aðalskipulag Kópavogs 2012 - 2024

Þróun deiliskipulags í Fífuhammi

Árið 1988 var haldin hugmyndasamkeppni um skipulag á 184 ha landsvæði austan við Reykjanesbraut, þar sem skila átti inn heildarskipulagi fyrir allt svæðið. Lagt var upp með tvö skólahverfi og hvert hverfi átti að rýma 3.000 - 3.500 íbúa. Í hverju hverfi var gert ráð fyrir 70 íbúum á hektara með blandaðri húsagerð. Þátttaka fór fram úr björtustu vonum og fjölmargar tillögur voru lagðar fram. Þorsteinn Helgason átti vinningstillöguna en fleiri komu að þeirri hugmynd. Um vinningstillöguna segir dómnefnd: „Framsetning tillögunnar er líflæg og allskýr og í henni er gnótt hugmynda“. Helstu einkenni tillögunnar er mikil blöndun íbúða, atvinnustarfsemi og þjónustu. Rétthyrnt gatnanet með randbyggð í miðhverfi við Reykjanesbraut (Kópavogur, 1989). Frá þessari hugmynd hefur svæðið þróast þónokkuð.



Vinningstillaga Þorsteins Helgasonar frá 1988, hugmyndasamkeppni fyrir Fífuhvammisland.




Tillaga tekin til sérstakrar athugunar, lækur átti að renna milli kjarnanna eftir endilöngu svæðinu og sameinast í Kópavogslæk.



Tillaga vann 2. verðlaun, einkennandi er stórt hringlaga miðsvæði með mikilli blöndun íbúða, stofnana- og atvinnuhúsnaðis.



Tillaga tekin til sérstakrar athugunar, einkenni tillögunnar er opið rými sem teygir sig eftir svæðinu endilöngu.



Skipulagsforsögn Lindahverfis gerði ráð fyrir framhaldsskóla í hverfinu.

Í upphaflegu skipulagi var gert ráð fyrir menntaskóla. Skipulagsuppdráttur frá 1995 sýnir Arnarnesveginn suðaustan við golfvöllinn. Salavegur liggur að Breiðholti. Helstu breytingar sem á eftir komu vörðuð að mestu gatnaskipulag, það er svo árið 1998 sem Arnarnesvegurinn er farinn að taka á sig þá mynd sem við þekkjum í dag. Hluti af landinu var í eigu Pósts og síma. Upphaflega var krafa um að koma fyrir Arnarnesvegi og golfvelli á landsvæðinu án þess þó að fækka íbúðum. Á upphaflegum gögnum má einnig sjá veg frá Mjódd að Lindarvegi.



Skipulagsforsögn fyrir Salahverfi frá 1995.




Skipulagsforsögn fyrir Salahverfi frá 1996.



Gatnakerfi frá 1995.



Skipulagsuppráttur fyrir Salahverfi frá 1998.



Skipulagsuppráttur fyrir Salahverfið frá 1999.



Skipulagsuppráttur fyrir Gláðheimafra frá 2009.


Fífuhvammur deiliskipulag

Við gerð deiliskipulags fyrir hverfið var stuðst við þær hugmyndir sem komu fram í hugmyndasamkeppninni. Í forsögn deiliskipulags fyrir hverfið var lagt upp með að skipuleggja um 180 ha svæði fyrir íbúðarbyggð fyrir um 6.000 íbúa og atvinnu- og miðbæjarsvæði. Markmiðið var að gera íbúðarbyggð með tveimur skólahverfum.

Lindarhverfi, atvinnu- og íbúðarhúsnæði sunnan og norðan Fífuhvammsvegur

Árið 1994 var samþykkt deiliskipulag fyrir Lindarhverfi sunnan Fífuhvammsvegur. Þar eru sömu kröfur settar fram og í forsögninni frá 1992, 3.000 íbúar á íbúðarsvæði og atvinnu- og miðbæjarsvæði. Reiknað var með 1.000 íbúðum, 400 íbúðir í sérbýli og 600 íbúðir í fjölbýli. Íbúðarsvæðin sunnan og norðan Fífuhvammsvegur mynduðu saman eitt skólahverfi, með skólan rétt norðan við Fífuhvammsveg, miðsvæðis og í góðum tengslum við gönguleiðir beggja vegna við Fífuhvammsveg. Undirgöng undir veginn tryggja góðar og öruggar gönguleiðir. Gert var ráð fyrir leikskólum og gæsluvelli, útivistarsvæðum og sleðabrekku. Tekið var frá svæði norðan Fífuhvammsvegur fyrir framhaldsskóla. Verslun og þjónusta átti að vera næst Reykjanesbrautinni, auk iðnaðarsvæðis norðan við fyrirhugaðan Arnarnesveg í framhaldi af hesthúsabyggð í vestri. Reiðleiðir áttu að vera frá félagssvæði Gusts. Tekin var frá lóð undir lögreglu- og slökkvistöð á þjónustusvæði. Lindarhverfi var skipt í Lindir I-III í skipulagsvinnunni, Lindir I eru sunnan við Fífuhvammsveg en Lindir II og III eru norðan við Fífuhvammsveg.

Lindir I



Lindarhverfi, atvinnu- og íbúðarhúsnæði sunnan Fífuhvammsvegur, skipulagsuppráttur frá 1993. Lindir I.



Íbúðarsvæði norðan Fífuhvammsvegur, skipulagsuppráttur frá 1995. Lindir II og III. Myndinni hefur verið snúið, Reykjanesbraut er hægramegin.

Samanstendur af verslunar- og atvinnusvæði næst Reykjanesbraut og íbúðarbyggð sunnan við Fífuhvamsveg. Í forsögn að deiliskipulagi íbúðarbyggðar í Lindum I er svæðinu skipt í fjólbýlishús, rað- og parhús og einbýlishús. Þar er leikskóli og upprunalegt skipulag gerði ráð fyrir lítilli hverfisverslun sem nú hefur verið breytt í aðstöðu fyrir Leikfélag Kópavogs.

Lindir II og III

Í forsögn að deiliskipulagi íbúðarbyggðar í Lindum II og III kemur fram að íbúðarbyggðin vefji sig utan um opið svæði og leik- og grunnskóla ásamt húsnæði fyrir verslun og aðra þjónustu. Lindum II, austan við opna svæðið, er skipt í 13 reiti eftir húsategundum. Lindum III, vestan við opna svæðið, er skipt í 9 reiti eftir húsategundum.

Salahverfi 1998

Myndirnar sýna fjölbreytileika byggðar í Lindahverfi.



Salahverfi í Fífuhammslandi afmarkast af bæjarmörkum Kópavogs og Reykjavíkur í Seljahverfi til norðausturs, af Lindahverfi til norðvesturs og kirkjugarði til norðausturs og golfvelli í Leirdal til suðvesturs og -austurs, en þar tengist hverfið byggð í Vatnsendalandi. Í forsögn að deiliskipulagi austurhluta Fífuhammslands var svæðinu skipt niður í fimm reiti ætlaða fyrir íbúðarbyggð. Þar var gert ráð fyrir um 3.000 íbúum. Gert var ráð fyrir leikskóla, þjónustu, íþróttasvæði og grunnskóla. Byggðin er í tæplega 70 m h.y.s. þar sem hún er lægst og fer upp í um 105 m h.y.s. þar sem hún stendur hæst. Meginhluti landsins er í halla og snýr vel við sólu. Skóla og íþróttasvæðið er að stórum hluta á jarvegsfyllingu í Leirdal. Frá brekkum í norðri er mikið útsýni, bæði til norðvesturs og til suðvesturs út Reykjanesskagann. Bláfjöllin sjást til austurs og nyrst á svæðinu sést yfir til Esjunnar. Hverfið er að mestu umlukið stórum opnum svæðum, Selhryggur, golfvöllur og kirkjugarður í botni Leirdals. Tvö opin svæði




Hæðarlega byggðar í Salahverfi.

eru inni í byggðinni, í upphaflegu skipulagi var gert ráð fyrir reiðstíg frá Fífuhvamsvegi að reiðstíg upp á Selhrygg. Þjónusta í hverfinu átti að vera grunnskóli, tveir leikskólar, íþróttasvæði og gæsluvöllur. Einnig var gert ráð fyrir hverfisverslunum á tveimur stöðum. Ekki er lengur gæsluvöllur í Salahverfi.

Skóla og íþróttasvæði í Salahverfi

Deiliskipulag fyrir skóla og íþróttasvæði Salahverfis afmarkast af opnu



Skipulagsuppráttur af íþróttasvæði og skólalóð frá 2000.



Fjölbreytileiki byggðar í Salahverfi.

svæði og gönguleið milli þjónustusvæðis og íbúðarsvæða til norðurs og austurs, Fífuhvamsvegjar til vesturs og Arnarnesvegi til suðurs. Í skipulaginu var gert ráð fyrir grunnskólabyggingu, íþróttasvæði, reiðstíg, grasvelli, íþróttahúsi og sundlaug og a.m.k. 146 bílastæðum og gönguleiðum.

Hnoðraholt - Smalaholt 2006

Svæðið liggur að sveitarfélagsmörkum Garðabæjar og Kópavogs í suður og vestur, að Arnarnesvegi (tengibraut) til norðurs og opnu svæði Rjúpnahæðar til suðausturs. Yfirbragð byggðarinnar átti að fá yfirbragð sérbýlishúsabyggðar og nýja byggðin átti að falla sem best að umhverfi svæðisins, götur taka mið af landslagi, huga að öryggi íbúa og hljóðmengun. Gert var ráð fyrir 209 íbúðum eða þéttleika sem jafngildir 15 íbúðum að meðaltali á hvern ha.

Byggðin samanstendur af 209 íbúðum og miðað var við 3,0 íbúa á íbúð og því gert ráð fyrir um 630 íbúum í hverfahlutanum fullbyggðum. Stærsti hluti byggðarinnar er einnar til tveggja hæða



Skipulagsuppráttur af Smalaholti og Hnoðraholt frá 2006.



sérbyli. Í íbúðarbyggðinni í Hnoðraholti var gert ráð fyrir 51 íbúð í einbýli, 20 íbúðum í tveggja hæða klasahúsum (fjölbýli) og 108 íbúðum í 3 til 4 hæða fjölbýlishúsum. Í fjölbýlishúsum er gert ráð fyrir kjallara og bílageymslu. Í Smalaholti var gert ráð fyrir 29 íbúðum. Gert er ráð fyrir að almenningsvagnar aki um Arnarnesveg.

Glaðheimar austur, reitur 2 frá 2015

Í skipulagsskilmálum Glaðheima, reitur 2, er krafa um ný viðmið. Viðmiðin tengjast m.a. lýðheilsu, hagkvæmni og fagurfræði. Mikil áhersla er á vandaða hönnun, efnisnotkun í útliti húsa skal vera a.m.k. þrískipt og skal því breytt eftir 10 til 20 metra í lóðréttum flötum útveggja.

Áhersla skal lögð á vandaða hönnun og efnisval þegar kemur að t.d. lýsingu, skiltum, hellulögn og frágangi gróðursvæða. Hjólastígur mun liggja um hverfið frá undirgöngum við Lindarveg að Glaðheimavegi.



Skipulagsuppráttur af Glaðheimum austur frá árinu 2015.



A3 - Fjölbreytt efnis- og litaval
Dyrk Brygg, Tscholmer i Oslo



A4 -
La Mola Hotel and Conference Center, Späen - Fassin Vazquez Architects



A6 - Uppbrot í ytra byrði
Beechok Labs, California, Koning - Eisenberg Architects



A7 - Uppbrot í efnisvali
SuehPolisen, Fagnumaboh



Útlitsteikning af Álalind 4-8, (Zeppelin Arkitektar, 2015).


Skipulagsskilmálar, skýringarhefti B. Hugmyndir að fjölbreyttri byggð með áherslu á góða hönnun.

Að jafnaði er gert ráð fyrir 1,7 stæðum innan lóðar fyrir hverja íbúð. Gera skal ráð fyrir hleðslu rafmagnsbíla í niðurgröfnum bílageymslum og gera ráð fyrir möguleika á að setja upp að minnstas

Tölur frá 2018.

Hverfareitir	Fjöldi íbúa	Fjöldi íbúða	Fjöldi lóða	Stærð hverfis (ha)	Íbúðapéttleiki íbúar/ha	Íbúðapéttleiki íbúðir/ha 6320	Íbúar á íbúð
F1	0	0	27	42	0,00	0,0	0
F2	1.909	653	334	51	37,43	12,8	2,90
F3	1035	305	145	22	42,5	13,9	3,06
F4	645	185	88	57	11,31	3,2	3,48
F5	2.721	1.085	237	55	49,61	19,7	2,51
Samtals	6320	2.416	831	227	27,39	9,8	2,79

Töluleg gögn koma frá Þjóðskrá, FMR og Íbúasýn, 2018.



Hverfareitir Fífuhvammis eru fimm; F1, F2, F3, F4 og F5.

kosti 2 hleðslustöðvar við hvert hús við bílastæði ofanjarðar.


Gert er ráð fyrir leikskóla í miðju hverfinu ásamt grenndargámum og þakgördum.

Uppbygging og þróun hverfisins, helstu einkenni Fífuhvamms

Fífuhvammur skiptist í tvö hverfi, Lindir og Sali. Þar búa 6.320 íbúar í 2.416 íbúðum.


Á árunum 1995 og 1996 fóru fyrstu íbúarnir að flytja í Lindarhverfi. Á árunum 1998 voru þeir liðlega 660 talsins og fjölgaði hratt. Í dag búa 2944 íbúar í hverfinu en hverfið er enn í uppbyggingu.

Fyrstu íbúar í Salahverfi fóru að flytja inn 1999 og 2000. Í



Aldursdreifing í Fífuhvammi 2018.

Aldursdreifing í Kópavogi 2018.



Íbúaþróun í Fífuhvammi árin 1997 - 2018 og spá til ársins 2024.



Ný byggð í Fífuhammslandi, Lindir 1994.



Félagssvæði Hestamannafélagsins Gusts árið 1994, svæðið var flutt yfir á Kjóavelli. Í dag eru svæðið þróunarsvæði.



Lindir 1996



Lindir 1998



Lindir 1999



Ársskýrsla Kópavogsbæjar 1998, gataframkvæmdir í Salahverfi.




Byggð efst í Salahverfi.



Horft frá Rjúpnasölum.



Horft yfir Lindir og Sali.



Ársskýrsla Kópavogsbæjar 2001. Framkvæmdir við Salaskóla og Salalaug.

Heimild: Myndir úr Ársskýrslum Kópavogs.

dag búa í Salahverfi 3366 íbúar en uppbyggingu í hverfinu er að mestu lokið.

Fyrir rúmum áratug voru um 5,5% íbúa Fífuhvamms 65 ára og eldri en í dag er hlutfall 67 ára og eldri 13%.


Í lok skipulagstímabils Aðalskipulags Kópavogs, 2024, er gert ráð fyrir að uppbyggingu á um 500 íbúðum Glaðheimum verði lokið og að íbúum í hverfinu hafi þá fjölgað um 1.200 íbúa og verði um 7.000 í heildina.

Fífuhvammi hefur hér verið skipt í fimm hverfahluta eftir skipulagseinkennum, gatnakerfi og umhverfislegum þáttum.

- Glaðheimar - þróunarsvæði (F1).
- Lindir I - íbúðarhverfi (F3).
- Lindir II og III - íbúðarhverfi með hverfisverslunum (F2).
- Hnoðraholt - Smalaholt - íbúðarhverfi, opið svæði, kirkjugarður og golfvöllur (F4).
- Salir II - íbúðarhverfi með hverfisverslunum (F5).

Landnotkun í Fífuhvammi er að stærstum hluta íbúðarhúsnæði ásamt íþrótt og útivistarsvæði og kirkjugarði Kópavogs. Vestast er fjölbreytt verslunar og þjónustusvæði, annars vegara við Bæjarlind og hinsvegar við Skógarlind.

Verslavöllur, íþróttahúsið í Versölum og Salalaug eru staðsett í Salahverfi við Fífuhvammsveg. Íþróttasvæðið í Salahverfi samanstendur af grasvöllum,



Fífuhvammi er skipt upp í fimm hverfareiti.

inni- og útisundlaug og fimleikahúsi Gerplu. Golfvöllur GKG er 18 holu völlum sem liggur í landi Kópavogs og Garðabæjar.

Íbúðarhverfin í Fífuhvammi eru tvö annars vegar Lindir (F2 og F3) og hins vegar Salir (F4 og F5). Eftir uppbyggingu í F1 Glaðheimum verður þar blönduð byggð íbúða, verslunar og þjónustu. Verslun og þjónusta er í hverfahlutum F1, F2 og F5. Hverfahlutunum fimm er skipt í minni hverfiseiningar eftir húsagerðum og fleiri þáttum.

Þróunarsvæði

Fyrir dyrum stendur áframhaldandi uppbygging í Fífuhvammi. Nýbyggingarsvæðið er í Glaðheimum þar sem áður var athafnasvæði Hestamannafélagsins Gusts. Glaðheimar eru skilgreindir sem



Þróunarsvæði skv. Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 skilgreint með grænum lit.

þróunarsvæði í aðalskipulagi Kópavogs. Skilgreining á þróunarsvæði felur í sér að hægt er að endurskoða landnotkun og landnýtingu svæðisins.

Unnið var á árunum 2008-2009 svæðis- aðal- og deiliskipulag fyrir svæðið þar sem gert var ráð fyrir blandaðri byggð verslunar, þjónustu og íbúða. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er ráðgerð heildarendurskoðun á skipulagi svæðiskjarnans í Smáranum og Glaðheimum. Í þeirri endurskoðun er lagt til að tekið verði á þáttum eins og landnotkun og landnýtingu með það að markmiði að byggðin verði blönduð íbúðum og verslunar- og þjónustuhúsnæði. Jafnframt yrði samgöngukerfið á svæðinu yfirfarið, sett fram markmið um yfirbragð byggðar (hæð og form byggðar) opin svæði, gróður, tengingar milli svæða, göngu- og hjólaleiðir og möguleg áfangaskipting. Á fyrsta ársfjórðungi 2014 var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir hluta af Glaðheimasvæðinu, þar sem gert er ráð fyrir íbúðum og leikskóla.

Markmið með skipulagi Glaðheima - austurhluti er að styrkja lýðheilsu, hagkvæmni og fagurfræði. Áhersla er á vandaða hönnun einstakra húsa og svæða. Notast er við umhverfissvæn og endingargóð byggingarefni. Áhersla skal á vandaða hönnun og efnisval þegar kemur að t.d. lýsingu, skiltum, hellulögn og frágangi gróðursvæða. Áhersla er lögð á að íbúðarstærðir og fjöldi herbergja, í hverju húsi, komi til með að höfða til sem flestra.

Sérstaða þessa íbúðarsvæðis felst m.a. í því hve miðlægt það er í Kópavogi og í vaxandi svæðiskjarna höfuðborgarsvæðisins, Smáranum. Svæðið er vel tengt aðalगतnakerfi og allri þjónustu. Þéttleiki svæðisins verður mikill eða um 200 íbúar á ha. Sérstakur hjólastígur verður í hverfinu.

3. Formfræði og einkenni byggðar


Formfræði fjallar um form og mynstur byggðar, þar sem innbyggðistengsl og sagan eru skoðuð í heildarsamhengi. Þar er athugað hvernig byggingarnar þróast í takt við þjóðfélagið ásamt byggðarmynstur hverfisins.

Við gerð hverfisáætlunar var Fífuhammi skipt í fimm hverfareiti út frá byggðarmynstri, náttúrulegu umhverfi, ásýnd, yfirbragði og gatnakerfi. Hér á eftir verður hver hverfareitur greindur nánar út frá skipulagseinkennum.

Glaðheimar (F1)

Einkenni hverfareitsins eru stór verslunar- og atvinnuhúsnæði, með stórum lóðum undir bílastæði og óbyggt svæði. Ennþá er stór hluti reitsins ónýttur, þar var áður hesthúsabyggð. Þjónustumiðstöð bæjarins er í hverfareitnum en gera má ráð fyrir að hún flytji áður en hverfið verður fullbyggt. Meðalhæð bygginga í reitnum er um 2-3 hæðir í dag. Gildandi deiliskipulög í reitnum, sem ekki hefur verið byggt eftir, gefa heimild fyrir mun hærri byggingum. Skógarlind 2 er frábrugðin öðrum húsum í hverfareitnum, að því leitinu til að hún er með stóran gólfplöt og einsleitt hús.

Miklar samgönguæðar liggja meðfram reitnum, Reykjanesbraut, Fífuhammsvegur og Lindahverfi. Heildarstærð reitsins er um 32 ha. Skipulagsreiturinn er til endurskoðunar.




Fífuhammi er skipt upp í fimm hverfareiti.

Hvað húsagerðir og skipulag varðar má skipta hverfareitnum Glaðheimum (F1) í fjórar minni hverfiseiningar eftir húsagerðum.

- F1A – Verslunarhúsnæði, stórt stálgrindarhús.
- F1B – 2 - 3 hæða verslunar- og þjónustuhúsnæði, með gildandi deiliskipulagi upp á 32 hæðir.
- F1C – Þróunarsvæði - blönduð byggð.
- F1D - 2 - 3 hæða verslunar- og þjónustuhúsnæði.

Hverfiseiningarnar sem liggja meðfram Reykjanesbraut og eru hluti af svæðiskjarna höfuðborgarsvæðisins. Einkenni þeirra eru verslunarhúsnæði með mörgum bílastæðum.



Hverfareitur F1 skiptist niður í fjórar minni hverfiseiningar; F1A, F1B, F1C og F1D.

	Íbúar	Íbúð	Stærð(ha)	Lóðir	Þéttleiki (íbúar/íbúð)
F1A	0	0	469	2	Á ekki við
F1B	0	0	19.064	9	Á ekki við
F1C	112	138	34.812	11	Í uppbyggingu
F1D	0	0	22.550	18	Á ekki við

Hverfiseiningin F1A nær yfir Skógarlind 1 og 2. Skógarlind 2 er stórt verslunarhúsnæði á tveimur hæðum en Skógarlind 1 er enn óbyggð. Einkennandi fyrir hverfiseininguna er stórt hús með bílastæðum á tveimur stórum lóðum. Stofnbraut liggur meðfram hverfiseiningunni, Reykjanesbraut.



Hverfiseining F1A, Skógarlind 1 og 2.



Hverfiseining F1B, verslunarhúsnæði.

Hverfiseining F1B er hluti af þróunarsvæði sem í dag samanstendur af 1–3 hæða verslunar- og þjónustuhúsnæði. Á hverri lóð var gert ráð fyrir tveggja hæða léttri byggingu og kjarnabyggingu sem sameinast um tengibyggingu. Skipulagsbreytingar hafa átt sér stað á þessu svæði þar sem hækkun á húsnæði hefur verið leyfð. Í gildi er deiliskipulag fyrir 32 hæða turni.

Í jaðri lóða út að opnu svæði vestan, norðan og austan reitsins var gert ráð fyrir tveggja metra breiðu beltí innan lóðar ætluðu fyrir tré- og runnagróður. Í hverfiseiningu F1B var lögð áhersla á samræmdar merkingar innan lóða og skilti áttu ekki vera á þökum, sameiginleg skilti við aðkomur húsagatna frá Lindarvegi áttu að vera valin í samráði við bæjaryfirvöld. Þessu hefur ekki allstaðar verið fylgt eftir.

Hverfiseining F1C er hluti af þróunarsvæðinu, þar hefur verið samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir hluta af svæðinu, Gláðheimar austur. Þar er gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði og leikskóla. Deiliskipulag fyrir Gláðheima vestur verður endurskipulagt að hluta, það svæði mun einkennast af verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem skýla íbúðarbyggðinni fyrir umferðarhávaða frá Reykjanesbraut.



Verslunarhúsnæði við Skógarlind 2.



Fjölbreytt verslunarhúsnæði er í hverfiseiningu F1B. Fremst á myndinni er óbyggður reitur í hverfiseiningu F1A.


Hverfiseining F1D er einnig verslunar- og atvinnuhúsnæði sem var upphaflega skipulagt sem iðnaðarsvæði. Húsnæðin eru á tveimur til þremur hæðum, þrettán lóðir með einni byggingu á hverri og eitt bílastæði á hverja 50 m². Lögð var áhersla á samræmdar merkingar innan lóða í upphaflegum skipulagsskilmálum og skilti áttu ekki að vera á þökum en sameiginleg skilti við aðkomur húsagatna frá Lindarvegi valin í samráði við bæjaryfirvöld.



Atvinnuhúsnæði við Askalind, skilti við götu og ofan á húsum.



Hverfiseining F1C og F1D.




Sneiðing af atvinnuhúsnæði í hverfiseiningu F1D.

Hvað húsagerðir og skipulag varðar má skipta hverfareit F2, Lindir I, í níu minni hverfiseiningar eftir húsagerðum.

- F2A – Einbýli og parhús.
- F2B – 3 hæða sambýlishús með stakstæðum bílskúrum.
- F2C – Punkthús, allt að 8 hæðir.
- F2D - 4 - 5 hæða sambýlishús.
- F2E - 3 hæða sambýlishús, parhús og einbýlishús.
- F2F - Raðhús.
- F2G - Einbýli.
- F2H - Rað- og parhús, flest með innbyggðum bílskúr.

	Íbúar	Íbúð	Stærð(ha)	Lóðir	Þéttleiki (íbúar/íbúð)
F2A	324	81	13,71	82	4
F2B	383	142	3,41	23	2,7
F2C	173	100	1,54	2	1,73
F2D	168	58	1,50	3	2,90
F2E	195	62	3,14	26	3,15
F2F	110	33	1,50	29	3,33
F2G	121	33	3,93	33	3,68
F2H	467	141	8,98	80	3,31




Hverfareitur F2 skiptist niður í átta minni hverfiseiningar, F2A - F2H.

Hverfiseining F2A samanstendur af einbýlis- og parhúsum á einni til tveimur hæðum. Parhúsin eru á tveimur hæðum með innbyggðri bílageymslu. Bílageymslur eiga að vera staðsettar upp að sambyggðum veggjum parhúsa. Að minnst kosti tvö bílastæði skulu vera á hverri parhúsaloð. Auk þess eru einhver einbýlishús á þrem pöllum. Bílastæði á einbýlishúsaloð skulu vera með að minnsta kosti þremur bílastæðum en parhús með að minnsta kosti tveimur bílastæðum. Fjölbreytileiki húsanna í hverfiseiningunni er mikill.

Í skipulagsskilmálum eru tilgreind ákvæði fyrir Múlalind 1-5 og 6-10 að þar þurfi lóðarhafar að tryggja hljóðvist með þéttri girðingu meðfram lóðarmörkum sem snúa að Reykjanesbraut.



Hverfiseining F2A í Lindahverfi, bláu línurnar sýna hús með sérákvæði vegna hljóðvistar.



Fjölbreytileiki húsbygginga í hverfiseiningu F2A (Parhúsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni 1997).

Hverfiseining F2B samanstendur af þremur hústegundum.

- Fjölbýlishús á þremur hæðum með tveimur stigagöngum, 11 íbúðir með 22 bílastæði fyrir hvert hús. Möguleiki er á bílageymslu. Taka þarf tillit til hljóðvistar í ákveðnum húsum.
- Fjölbýlishús/sambýlishús á þremur hæðum með tveim innbyggðum bílageymslum, 6 íbúðir í hverju húsi.
- Fjölbýlishús/sambýlishús á þremur hæðum með tveim innbyggðum bílageymslum.

Í skipulagsskilmálum er komið inn á hljóðstig og að taka þurfi tillit til þess við hönnun ákveðinna húsa. Við enda íbúðarbyggðarinnar til austurs er opið svæði með göngustígum og útikennslusvæði. Neðst við hverfiseininguna er grunnskóli, leikskóli og verslunarkjarni.



Hverfiseining F2B, fjölbýlishús.



Atvinnustarfsemi er í hverfiseiningu F2B.



Fjölbreitt íbúðarhús í hverfiseiningu F2B.

Hverfiseining F2C samanstendur af fjölbýlishúsum á þremur til sjö hæðum. Þök húsanna eru með 16° halla, rísa ýmist til suðurs eða vesturs. Gert er ráð fyrir einni íbúð í risi. Bílastæði eru amk. tvö á íbúð og er hluti þeirra í bílageymslu. Í deiliskipulagsskilmálum var gerður fyrirvari um hljóðvist.



Lindaskóli.



Hverfiseining F2C í Lindahverfi samanstendur af fjölbýlishúsum með einhalla þaki.



Teikning úr skipulagsupprætti af hverfiseiningu F2C.



Fjölbreytt byggð og litaval í hverfiseiningu F2C.


Hverfiseining F2G samanstendur af einbýlishúsum, ýmist á einni hæð eða tveimur með bílageymslu. Í skipulagsskilmálum var kveðið á um þrjú bílastæði á hverri lóð. Fjölbreytileiki húsanna í hverfiseiningunni er mikill.




Hverfiseining F2G samanstendur af fjölbreyttum einbýlishúsum.



Arkitektar Skógarhlöð, 1998.



Ásmundur H. Sturluson og Bjarni Snæbjörnsson, 1999.



Ólöf Örvarsdóttir og Kristinn Ragnarsson, 1996.



Teiknistofan Nethyl 2, 1997.

Dæmi um fjölbreytta byggð í hverfiseiningu F2G.

Hverfiseining F2F samanstendur af raðhúsum á einni eða tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Amk tvö stæði skulu vera á lóð hvers húss. Sorpgeymsla skal miðast við að taka tvö ílát. Þar sem sorpgeymsla er ráðgerð sjálfstæð skal staðsetning hennar ekki vera nær aðliggjandi lóð en sem nemur 2 m og ekki nær lóðarmörkum við götu en 1 m.



Hverfiseining F2F samanstendur af fjölbreyttum raðhúsum.



Rað- og parhús með innbyggðum bílskúrum í hverfiseiningu F2F.

Hverfiseining F2H samanstendur af rað- og parhúsum á einni eða tveimur hæðum með eða án innbyggðrar bílageymslu. Þar sem ekki er innbyggð bílageymsla er afmörkuð sérstök lóð undir bílageymslu. Tvö bílastæði skulu fylgja hverri íbúð.



Hverfiseining F2H samanstendur af fjölbreyttum rað- og parhúsum.



Fjölbreytt rað- og parhús í Lindahverfi.






Fjölbreytt íbúðabyggð í Fífuhvammi og Lindakirkja.


Hverfiseining F2D samanstendur af fjölbýlishúsum á fjórum hæðum ásamt risi og skjólgóðum dvalarsvæðum úti. Þök húsanna skulu vera einhalla með 16° halla og rísa til vesturs. Tvö bílastæði eru á hverja íbúð. Skipulagsskilmálar gefa leyfi fyrir bílageymslum sem skulu byggðar inn í landið, aðeins ein hefur verið byggð. Sorpgeymslur skulu byggðar í eða við hvert stigahús. Bílastæði eru austan við húsið.

Hverfiseining F2E samanstendur af þremur hústegundum, einbýli, parhús og fjölbýli.

- Parhúsum á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Bílageymslur eru staðsettar upp að sambyggðum veggjum parhúsa.
- Einbýlishús á einni til tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og að minnsta kosti þremur bílastæðum á lóð.
- Fjölbýlishús/sambýlishús á þremur hæðum með tveimur innbyggðum bílageymslum.





Hverfiseiningar F2D og F2E.



Snið af húsbyggingu og bílskúr í F2D (Skipulagsskilmálar, 1996). Málfríður K. Kristiansen, Kópavogsbær).



Fjölbýlishús við Galtalind.




Fjölbreyttar húsbyggingar í hverfiseiningu F2E. Teikningar eru úr skipulagsskilmálum fyrir hverfið (Málfríður K. Kristiansen, 1996).

Hvað húsagerðir og skipulag varðar má skipta hverfareitnum F3, Lindir III, í fjórar minni hverfiseiningar eftir húsagerðum:

- F3A – sex til sjö hæða sambýlishús með stakstæðum bílskúrseiningum.
- F3B – fjögurra hæða sambýlishús með innbyggðum stigagangi.
- F3C – rað- og parhús með innbyggðum bílskúr.
- F3D – einbýlishús á tveimur hæðum.

	Íbúar	Íbúð	Stærð(ha)	Lóðir	Þéttleiki (íbúar/íbúð)
F3A	226	87	2,6	3	2,60
F3B	224	86	2,89	5	2,60
F3C	387	109	6,9	109	3,55
F3D	96	23	4,7	21	4,17



Hverfareitur F3 skiptist niður í fjórar minni hverfiseiningar, F3A - F3D.



Horft til vesturs yfir Kópavog og Reykjavík.

Hverfiseiningar F3A og F3B samanstanda af fjölbýlishúsum með kjallara og risrýmis. Innan hvors reits eru þrjár lóðir með tveimur til þremur húsum hver lóð. Lögð var áhersla á heildaryfirbragð húsanna og einhalla þök. Íbúðir á jarðhæðum fá afmarkaðan skika til einkanota. Innan hverfaeininganna var gert ráð fyrir samtals 24 bílskúrum, 96 íbúðum og 192 bílastæðum. Lokuð sorpgæymsla við hvert stigahús.

Á milli hverfiseininganna var í upphaflegu skipulagi gert ráð fyrir lítilli hverfisverslun en henni hefur í dag verið breytt í leikhús. Þar hefur Leikfélag Kópavogs aðsetur.



Fjölbýlishús við Fífulind, hverfiseining F3A.



Hverfiseining F3A samanstendur af fjölbýlishúsum sunnan við Fífulvamsveg.



Hverfiseining F3B samanstendur af fjölbýlishúsum, punktbyggð.



Leikfélag Kópavogs hefur aðstöður við Fífulind, hér var áður verslun.

Hverfiseining F3C samanstendur af raðhúsum og parhúsum, ýmist á einni eða einni og hálfri hæð til tveimur hæðum. Þakform húsanna er óbundið en mælst var til þess að stefna þaka væri í samræmi við sýnda stefnu á skipulagsupprætti. Gert var ráð fyrir einum innbyggðum bílskúr í hverju húsi ásamt sorpgeymslu í eða við hvert hús.

Hverfiseining F3D samanstendur af einbýlishúsum á einni og hálfri til tveimur hæðum. Samanlagður gólfblötur átti ekki að vera stærri en 260 m² og mænispak, auk innbyggðs bílskúrs. Lokuð sorpgeymsla í eða við hvert hús fyrir a.m.k. tvö sorpílát.




Hverfareitir F3C og F3D samanstanda af raðhúsum og einbýlishúsum.

Myndirnar sýna fjölbreytileika húsanna í hverfiseiningur F3C og F3D.

Hvað húsagerðir og skipulag varðar má skipta hverfareit F4, Smala- og Hnoðraholt, í þrjár minni hverfiseiningar eftir húsagerðum:

- F4A – Einbýlishús.
- F4B – 4 - 5 hæða sambýlishús og klasahús.
- F4C – Einbýlishús.

Í Aðalskipulagi Kópavogs frá 2000-2012 var miðað við að í Hnoðraholti og Smalaholti risi blönduð íbúðabyggð en fyrir var þar aðeittstöð Orkuveitu Reykjavíkur.



Hverfareitur F4 skiptist niður í þrjár minni hverfiseiningar, F4A - F3C.

	Íbúar	Íbúð	Stærð(ha)	Lóðir	Þéttleiki (íbúar/íbúð)
F4A	213	51	3,91	52	4,18
F4B	312	166	2,5	6	1,88
F4C	119	29	4,42	29	4,10



Í Hnoðraholti var gert ráð fyrir 209 íbúðum og miðað við 3.0 íbúa á íbúð, eða um 630 íbúar. 51 íbúð í einbýli, 20 íbúðir í tveggja hæða klasahúsum og 108 íbúðum í 3 til 4 hæða fjölbýlishúsum. Í skipulagsskilmálum er gert ráð fyrir tveimur bílastæðum innan lóðar fyrir hverja íbúð í fjölbýli, tólftha hvert staði fyrir fatlaða. Á einbýlishúsalóðum skal miða við 3 bílastæði innan lóðar en 2 fyrir hverja íbúð í par- og raðhúsum. Gert er ráð fyrir jarðvegsmon til varnar hávaða frá umferð við aðalumferðaræðar.



Hverfiseiningar F4A og F4B samanstanda af einbýli og fjölbýli.


Hverfiseining F4A samanstendur af einbýlishúsum á einum til tveimur hæðum, stór hús að flatarmáli og fylla vel upp í lóðirnar. Gert er ráð fyrir þremur bílastæðum á lóð og bílskúr, annaðhvort sambyggður húsi eða frístandandi.

Hverfiseining F4B samanstendur af klasahúsum og fjölbýlishúsum. Klasahúsin eru á tveimur hæðum auk kjallara þar sem frjálst ákvæði var með bílakjallara. Gert var ráð fyrir sex sjálfstæðum húsum á einni lóð með stigategingum og svölum milli húsa. Allt að fjórar íbúðir í hverju húsi. Allar íbúðir eru með sér inngangi.

Fjölbýlishúsin eru á þremur til fjórum hæðum, stölluð með tveimur stigagöngum og 12-15 íbúðir í hverju stigahúsi. Niðurgrafnir bílakjallarar undir hluta hvers húss.




Íbúðabyggð í Hnoðraholti.




Þorrasalir 17 (Teiknistofa Arkitekta, 2012).

Í hverfiseiningu F4C eru stór einbýlishús á einni til tveimur hæðum með frjálst þakform og bílskúr, ýmist stakstæðum eða innbyggðum. Gert er ráð fyrir þremur bílastæðum á lóð. Húsin norðan megin í Öldusölum eru á einni hæð og sex hús í Örvasölum, önnur eru á tveimur hæðum. Fimm húsanna í Örvasölum eru ætluð hreyfihömluðum og þeirra fjölskyldum. Í skipulagsskilmálum kemur einnig fram að ef

lóðarmörk sem liggja að skógræktarsvæði eru girt, skal girðing ekki vera hærri en 1 meter. Leitast skal við að skógarjaðar verði hluti viðkomandi lóða og leitast verði við að halda náttúrulegu gróðurfari svæðisins ósnertu á hluta lóðanna. Í Smalaholti eru 29 hús með 29 íbúðum.



Einbýlishús teiknað af Þorsteini Helgasyni 2008.



Einbýlishús teiknað af Tektun 2008.




Hverfareitur samanstendur af stórum einbýlishúsum, fimm þeirra eru ætluð hreyfihömluðum.



Hvað húsagerðir og skipulag varðar má skipta Salahverfi, norðan Fífuhvamsvegjar (F5) í 15 minni einingar eftir hústegundum og skipulagseinkennum. Í skipulagsskilmálum þessa hverfis kemur fram kvöð um ræktun gróðurbeltis með stofntrjám meðfram götu og lóðarmörkum þar sem við verður komið.

- F5A - Þrjú 7 - 12 hæða punkthús.
- F5B - Rað- og parhús ásamt þriggja hæða sambýlishúsum með innbyggðum bílskúr á neðstu hæð.
- F5C - Fjörbýlishús á tveimur og þremur hæðum með og án bílskúrs. Rað- og parhús á einni til tveimur hæðum.
- F5D - Tvö punkthús á átta og tíu hæðum.
- F5E - Tvö punkthús á sjö og átta hæðum.
- F5F - Rað- og parhús ásamt einbýlishúsu.
- F5G - Einbýlishús á einum til tveimur hæðum.
- F5H - Þrjú punkthús, allt að 14 hæðir.
- F5I - Fjölbýlishús á þremur hæðum, stakstæðir bílskúrar
- F5J - Einbýli og rað- og parhús ásamt sambýli á einni hæð.
- F5K - Fjölbýlishús á þremur hæðum, hluti er með bílageymslu.
- F5L - Rað- og parhús ásamt einbýlishúsum.
- F5M - Fjölbýlishús á þremur hæðum og innbyggðum bílageymslum.
- F5N - Fjölbýlishús á þremur hæðum með möguleika á bílageymslu.



Hverfareitur F3 skiptist niður í fimmtán minni hverfiseiningar, F5A - F5N.

	Íbúar	Íbúð	Stærð(ha)	Lóðir	Þéttleiki (íbúar/íbúð)
F5A	219	113	2,25	2	1,94
F5B	106	34	2,22	17	3,12
F5C	238	106	3,81	23	2,25
F5D	105	54	1,95	1	1,94
F5E	131	60	1,5	2	2,18
F5F	118	29	4,5	3	4,07
F5G	121	33	4,5	34	3,67
F5H	177	86	3,07	3	2,06
F5I	177	86	1,42	2	2,06
F5J	130	34	2,87	34	3,82
F5K	555	233	3,77	10	2,38
F5L	133	29	2,72	29	4,59
F5M	214	68	2,97	12	3,15
F5N	203	98	3,39	12	2,07

Hverfiseining F5A samanstendur af tveimur lóðum með þremur punkthúsum á 7-12 hæðum. Upphaflegir skipulagsskilmára kváðu á um fjölbýlishús á 5-10 hæðum með bílageymslu og kjöllum, með að minnsta kosti tveimur bílastæðum á hverja íbúð. Í skilmálum var einnig kveðið á um ráðstafanir vegna hljóðvistar á efri hæðum og skjólgóð dvalarsvæði á lóð.

Hverfiseining F5B samanstendur af:

- Fjölbýlishús á þremur hæðum með innbyggðum bílskúr. Hámarksfjöldi íbúða á hæð eru fimm. Stigahús er í hverju húsi og hægt er að komast út á baklóð frá stigahúsi. Mænisstefna húsanna er samsíða götu. Tvær innbyggðar bílageymslur eru á jarðhæð húsanna ásamt 10 bílastæðum á hvert hús.
- Parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskylum ásamt tveimur bílastæðum á lóð fyrir hverja íbúð. Ákvæði vegna hljóðvistar er fyrir Björtusali 7-9.
- Raðhús á einni til tveimur hæðum með innbyggðri bílageymslu, að minnsta kosti skulu fylgja tvö bílastæði hverri íbúð. Þar er einnig ákvæði vegna hljóðvistar.



Hverfiseining F5A samanstendur af þremur punkthúsum.
Hverfiseining F5B samanstendur af fjölbreyttari íbúðahúsum.



Hverfiseining F5C og F5D samanstendur af fjölbreyttri fjölbýlishúsa byggð. Á deiliskipulagssvæðinu var upphaflega gert ráð fyrir 121 íbúð, 13 í sérbýli og 108 í fjölbýli, og íbúafjöldi áætlaður um 400 og nýtingarhlutfallið 0,4. Landhalli er í vestur. Í vesturhluta reitsins var gert ráð fyrir opnu leiksvæði fyrir byggðina austan safngötu en í austurhlutanum, sunnan við háhýsin er opið leiksvæði fyrir byggðina austan við safngötuna. Göngustígar tengja opnu svæðin við stígakerfi bæjarins. Frá svæðinu er fallegt útsýni allt frá Álftanesi, yfir Arnarnesvog, Kópavog, Fossvog, Seltjarnarnesið, Reykjavík og Snæfellsjökul, allt til Esju í norðri. Melar og holtagróður er ríkjandi á svæðinu. Þakform húsanna er samsíða húsagötum og tvö bílastæði fylgja hverri íbúð.

- Fjórþýlishús á tveimur hæðum, án bílskúrs.
- Fjórþýlishús á tveimur hæðum með tveimur bílskúrum.
- Fjölbýlishús á þremur hæðum.
- Fjölbýlishús á átta og tíu hæðum (3 íbúðir á hæð) ásamt kjallara og sameiginlegri bílageymslu. Einnig fylgir bílskúrsréttur fyrir 15 bíla.
- Raðhús á einni hæð ásamt bílskúr.
- Parhús á einni hæð.
- Parhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr.
- Parhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr.



Hverfiseiningar F5C og F5D samanstanda af fjölbreyttri fjölbýlishúsabyggð og rað- og parhúsum.



Hverfiseiningar F5C og F5D samanstanda af fjölbreyttri fjölbýlishúsabyggð og rað- og parhúsum.

Í Hverfiseining F5E samanstendur af tveimur punkthúsum sem áttu í upphaflegu skipulagi að vera fimm og sex hæða. Skipulagsskilmálar hverfiseiningarinnar kveða á um píramítapök og bílastæðum skal koma fyrir bæði ofanjarðar og í bílageymslu. Húsin eru 13 og 10 hæða í dag.

Hverfiseining F5F samanstendur af rað- og parhúsum á tveimur hæðum, auk þriggja einbýlishúsa. Tveggjahæða raðhús með innbyggðri bílageymslu eða parhús á tveimur hæðum með innbyggðri bílageymslu, ásamt þremur einbýlishúsum á tveimur hæðum með

auka íbúð og bílskúr. Að minnsta kosti tvö bílastæði skulu vera á hverri lóð fyrir hverja íbúð en þrjú fyrir hvert einbýlishús en fjögur ef íbúður eru tvær. Þakform húsa er óbundið.



Hverfiseining F5E samanstendur af tveimur punkthúsum.



Hverfiseining F5E, punkthús í Forsólum og Glósólum.




Hverfiseining F5F samanstendur af einbýli, par- og raðhúsum.



Glósalir (Vektor, 1999).



Hásalir (Málfríður Klara Kristiansen, 2000).



Glósalir (Teiknistofan Kol og Salt, 2002).



Hverfiseining F5N samanstendur af fjölbýlishúsum á þremur hæðum, með tveimur stigagöngum hvert. Húsið er þrjár hæðir séð frá garði en tvær til tvær og hálf séð frá götu. Bílageymslur eru stakstæðar.



Hverfiseining F5N samanstendur af fjölbýlishúsum á 3 hæðum.



Hverfiseining F5N samanstendur af fjölbýlishúsum á 3 hæðum.

Hverfiseining F5K samanstendur af fjölbýlishúsum á fjórum til sjö hæðum þar sem hluti þeirra er með bílageymslu. Húsin eru byggð í halla og því stölluð í hæðina. Þar sem húsin standa í hálfhring utan í hæð þurfti sérstaklega að huga að staðsetningu svala á ákveðnum húsum m.t.t. sólar. Kvöð er um gróðurbelti með stofntrjám meðfram lóðarmörkum við götu m.a. fyrir framan bílageymslur.



Hverfiseining F5K samanstendur af fjölbreyttum fjölbýlishúsum.



Hverfiseining F5K samanstendur af fjölbreyttum fjölbýlishúsum.

Hverfiseining F5G samanstendur af einbýlishúsum á einni hæð, einni hæð og risi og einbýlishúsum á tveimur hæðum. Þakform húsanna er fjölbreytt en einkennandi fyrir hluta húsanna eru litlir turnar sem standa upp úr þakinu.



Hverfiseining F5G samanstendur af einbýlishúsum.



Einbýlishús við Jórsali (T11 teiknistofa, 2000).

Hverfiseining F5H samanstendur af þremur fjölbýlishúsum sem voru skráðar sjö, tíu og tólf hæða í upphaflegum skilupagsskilmálum, með kjöllurum og bílageymslu neðanjarðar. Tvö bílastæði skulu vera fyrir hverja íbúð.

Hverfiseining F5I samanstendur af fjölbýlishúsum á þremur hæðum með sex íbúðum hver. Mænisstefna húsanna er samsíða götu. Tvö bílastæði eru á hverja íbúð, ásamt byggingarrétti fyrir 4-5 bílageymslur á hverri lóð.



Hverfiseiningar F5H og F5I samstanda af fjölbýlishúsum.



Einbýlishús við Jórsali (Teiknistofan Smiðjuvegi, 2000).



Fjölbreytt fjölbýlishús í hverfiseiningu F5H og F5I.

Hverfiseining F5J samanstendur af fjölbreyttum húsum:


- Raðhúsum á tveimur hæðum með innbyggðri bílageymslu.
- Parhús á tveimur hæðum með innbyggðri bílageymslu.
- Einbýli á einni hæð með bílageymslu, óbundið þakform og þrjú bílastæði á lóð.
- Sambýli á einni hæð, íbúðarhús. Á lóðinni er kvöð um að á lóðarmörkum að Arnarnesvegi og Salavegi skuli vera skjólveggur (hljóðveggur) í að minnsta kosti 1,5 m hæð ásamt gróðurbelti beggja vegna veggins, eins og við verður komið.

Hverfiseining F5L samanstendur einnig af fjölbreyttum húsum:

- Parhús á tveimur þöllum með innbyggðri bílageymslu og tveimur bílastæðum. Óbundið þakform.
- Parhús á einni hæð með innbyggðri bílageymslu og tveimur bílastæðum. Óbundið þakform.
- Einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og þremur bílastæðum.



Sambýli við Roðsali.



Raðhús við Lómsali (Teiknistofa Leifs Stefánssonar, 2007).



Hverfiseining F5J samanstendur af parhúsum og einbýlishúsum. Hverfiseining F5J samanstendur af fjölbreyttum hústegundum, rað- og parhúsum, einbýlishúsum og einu sambýli.

Einbýlishús við Roðsali.

Hverfiseining F5M samanstendur af þriggja hæða fjölbýlishúsum með innbyggðum bílageymslum. Kvöð er um ræktun gróðurbeltis með stofntrjám meðfram götu eins og við verður komið.



Hverfiseining F5M samanstendur af níu fjölbýlishúsum með innbyggðum bílageymslum. Hverfiseiningin stendur við opið svæði í Salahverfi.




Fjölbýli við Straumsali (Teiknistofa Leifs Stefánssonar, 2001).



Fjölbýli við Straumsali (Teiknistofan Smiðjuvegi 11, 2000).

Fjölbýli í hverfiseiningu F5M.



Fjölbýli við Straumsali (Teiknistofan Smiðjuvegi 11, 2000).



Fjölbýli við Straumsali (Einar V. Tryggvason, 2001).

Í hverareit F5 er gert ráð fyrir tveimur leikskólum, tveimur hverfisverslunum og annarri þjónustu ásamt grunnskóla, sundlaug og íþróttahúsi og æfingavelli. Kópavogskirkjugarður er í hverfareit F4. Deiliskipulag fyrir Kópavogskirkjugarð var fyrst unnið 1999 en því breytt árið 2001. Garðurinn var stækkaður, grafarsvæði minnkað en duftgröfum fjölgað. Bílastæðum fjölgað í jaðri garðsins.

Grenndargámar eru staðsettir við Salaveg í skipulagsskilmálum.


Þjónustuhúsnæði við Salaveg má vera á einni til þremur hæðum. Upplýsingaskilti við lóðamörk í nánd við gatnamót Fífuhammsvegjar og Salavegar. Auglýsingar skulu ekki settar ofan á húspök. Gera skal ráð fyrir a.m.k. einu bílastæði á hverja 35 m² í húsnæði.



Í Salahverfi eru tveir verslunarkjarnar, kirkjugarður, íþróttasvæði, sundlaug, tveir leikskólar og einn grunnskóli.

Nr.	Skipulagssvæði	Samþykkt	Breytingar
1	Glaðheimar	15.01.1994	3
2	Fífuhvammur, Lindir I	15.01.1994	12
3	Fífuhvammur, Lindir IV	15.09.1995	3
4	Fífuhvammur, Lindir III	15.04.1995	14
5	Fífuhvammur, Lindir IV	15.06.1997	1
6	Salir, reitur I	27.05.1997	1
7	Salir, reitur II og VII	06.03.1998	2
8	Salir, skóla- & íþróttasv.	29.11.2000	
9	Salir, reitur III, V, VI	19.10.1998	5
10	Salir, IX og XII	09.05.1999	3
11	Kópavogskirkjugarður	31.05.1999	1
12	Golfvöllur	11.11.2002	
13	Smala- og Hnoðraholt	05.09.2006	38
14	Arnarnesvegur	15.01.1994	1

Heildarbreytingar á deiliskipulagsreitum í Fífuhvammi
(Skipulagsstofnun, 2017)



Deiliskipulagsáætlanir í Fífuhvammi, (Skipulagsstofnun, 2017).

4. Mat á gæðum byggðar, umhverfi og skipulagi.

Aðferðarfræðin sem stuðst er við til að meta gæði byggðar og umhverfi er byggð á bókinni *Shaping Neighbourhoods* eftir Huge Barton, Marcus Grant og Richard Guise (2010).

Í matsvinnunni er gert yfirlit yfir núverandi stöðu hverfisins og unnin er styrk- og veikleikagreiningu út frá grunngögnum með hliðsjón af gátlista um mat á visthæfi byggðar

Ástand hverfisins er metið út frá fimm matsþáttum.

- Samfélag.
- Athafnir daglegs lífs.
- Efnahagur.
- Manngert umhverfi .
- Náttúrulegt umhverfi.

Í upphafi hvers matsþáttar er sett fram SVÓT-greining sem er byggð á niðurstöðum hvers matsþáttar.

4.1 Samfélag

Í matsþættinum *Samfélag* er verið að meta aðstæður í hverfinu til samveru og samskipta sem efla félagsleg tengsl. Meta möguleikana til að lifa og þroskast í hverfinu heila mannsævi, skoða fjölbreytileika íbúða o.s.frv.



Styrkleikar Þjónusta Miðsvæðis Fjölbreytt byggð Prúnarsvæði Aldursdreifing	S	V	Veikleikar
Ógnanir	Ó	T	Tækifæri Aukinn þéttleiki Aukin þjónusta Aukinn fjölbreytileiki


SVÓT - greining fyrir matsþáttinn Samfélag.

4.1.1 Lýðfræði


Aldursdreifing í Fífuhvammi er góð þegar á heildina er litið þó það eru færri á aldursbilinu 21-40 ára í hverfinu í samanburði við Kópavog í heild. Það má greina að hverfið er að eldast og minna er um ungt fólk sem er að stofna heimili og eignast börn í hverfinu.

Aldursdreifing í Salahverfi sker sig aðeins út þar sem hlutfall 67 ára og eldri er hærra en í Kópavogi í heild. Það kann að skýrast af að þar er mikið af nýlegum fjölbýlishúsum með hentugum íbúðum fyrir eldra fólk.

Meðalaldur í hverfinu er 36 ár en 38 ár í Kópavogi.




Aldursdreifing í Fífuhvammi 2018.




Aldursdreifing í Kópavogi 2018.



Hverfareitir Fífuhvamms eru fimm; F1, F2, F3, F4 og F5.



Aldursdreifing í Lindahverfi 2018.



Aldursdreifing í Salahverfi 2018.

4.1.2 Íbúapéttleiki


Fífuhvammur er 227 ha að stærð og í því búa 6.320 íbúar í 2.416 íbúðum. Í hverfareit F2 eru 653 íbúðir, í F3 eru 305 íbúðir, í F4 eru 185 íbúðir og í F5 eru 1.085 íbúðir. Tæplega 30 íbúar eru á hvern hektara í hverfinu. Stærð golfvallar og kirkjugarðs hefur áhrif á þessar þéttleikatölur. Þegar þéttleikatölur fyrir Lindir og Sali eru bornar saman þá má sjá að í Lindahverfi eru að meðaltali 3 íbúar á hverja íbúð en í Salahverfi eru að meðaltali 2,6 íbúar á hverja íbúð. Fífuhvammur er þriðja þéttasta hverfið í Kópavogi á eftir Digranesi og Kársnesi miðað við íbúa á hvern hektara. Þéttleiki hverfisins er talin ásættanlegur en hann mun aukast eftir að þróunarsvæði á F1 byggist upp.

Fífuhvammur

Hverfareitir	Fjöldi íbúa	Fjöldi íbúða	Fjöldi lóða	Stærð hverfis (ha)	Íbúapéttleiki íbúar/ha	Íbúðapéttleiki íbúðir/ha	Íbúar á íbúð
F1	0	0	27	42	0,00	0,0	0
F2	1.909	653	334	51	37,43	12,8	2,90
F3	1035	305	145	22	42,5	13,9	3,06
F4	645	185	88	57	11,31	3,2	3,48
F5	2.721	1.085	237	55	49,61	19,7	2,51
Samtals	6320	2.416	831	227	27,39	9,8	2,79

Tölfræðileg gögn fyrir Fífuhvamm, (Íbúasýn, 2018).


Meðalaldur í hverfahlutum Fífuhvamms
 F1 - enginn búsettur F4 - 36 ár
 F2 - 37 ár F5 - 40 ár
 F3 - 35 ár




Hverfareitir Fífuhvamms eru fimm; F1, F2, F3, F4 og F5.

4.1.3 Skólahverfi


Tveir grunnskólar eru í Fífuhammi, Lindaskóli og Salaskóli. Skólarnir byggðust upp á sama tíma og hverfin tvö og hefur kennsla farið fram í Lindaskóla frá árinu 2000 og í Salaskóla frá árinu 2001. Nemendafjöldi í Lindaskóla var mestur skólaárið 2003-2004 eða 622 nemendur, 2019 eru í skólanum 499 nemendur. Nemendum í Salaskóla er enn að fjölga og eru þeir í dag 589. Þegar skoðað er hversu mörgum íbúðum skólarnir þjóna er Lindaskóli í flokknum *lágmark* með 958 íbúðir en mun þó fara í flokkinn *gott* þegar Gláðheimasvæðið byggist upp. Salaskóli er í viðmiðunarflokkinum *gott* með 1.263 íbúðir í skólahverfinu. Allir nemendur skólanna búa innan 800 metra áhrifasvæðis frá skólunum, sem segir okkur að allir nemendur eiga að geta gengið eða hjólað í skólann á 12 mínútum eða minna. Fjórir leikskólar eru í hverfinu, Leikskólarnir Núpur og Dalur eru í Lindahverfi og leikskólarnir Fífusalir og Rjúpnahæð eru í Salahverfi, þar er pláss fyrir rúmlega 400 börn.



Grunnskóli og 800 m áhrifasvæði þeirra.




Próun nemendafjölda í Lindaskóla frá 2000 - 2018, (Menntasvið Kópavogs, 2019).



Próun nemendafjölda í Salaskóla frá 2001 - 2018, (Menntasvið Kópavogs, 2019).

4.1.4 Þjónusta í hverfinu

Þjónusta í hverfinu dreifist vel um hverfið en fjölbreyttust er hún vestast í hverfinu, við Reykjanesbraut. Grunnskólarnir tveir eru fyrir miðju í hvoru íbúðarhverfi en íþróttasvæðið er austast í hverfinu við Fífuhvamms- og Arnarnesveg, ásamt Salalaug, íþróttahúsi Gerplu, Versalavelli og golfvelli GKG. Fjórir leikskólar eru í hverfinu, þrjár grenndargámastöðvar og Heilsugæslan Salahverfi. Opín svæði eru Selhryggur, Hvammshlíð og Rjúpnadalshlíð/Smalaholt.



Fjölbreytt þjónusta er víða í Fífuhvammi.

4.1.5 Samantekt

Fífuhvammur samanstendur af tveimur skólahverfum með rúmlega 6.000 íbúa. Íbúum hverfisins mun fjölga á næstu árum með uppbyggingu í Glaðheimum. Aldursdreifing og fjölbreytileiki íbúðarbyggðarinnar er nokkuð góður.

Auk verslunar og þjónustu eru í hverfinu íþróttasvæði, sundlaug og bókasafn sem hvetur til samveru og samskipta íbúa sem eflir félagsleg tengsl. Fjölbreytileiki íbúða skapar góðar aðstæður til að flytja innan hverfis.

Selhryggur er vinsælt útivistarsvæði í hverfinu, hryggurinn skilur að Kópavog og Breiðholt.



Skólahreystibraut við Lindaskóla.

4.2 Athafnir daglegs lífs

Í matsþættinum *Athafnir daglegs lífs* er mat lagt á gæði lífs fyrir daglegar athafnir, sem hvetja til hreyfingar og vellíðunar. Fjarlægðir, aðgengi og samgöngur sem hafa áhrif á daglegan ferðatíma eru einnig metnar. Matsvinnan og stigagjöf fer eftir viðmiðum sem eru sett fram gátlista og byggist á aðferðafræði Hugh Barton ofl. í bókinni *Shaping neighborhood*

4.2.1 Fjölbreytni

Fjölbreytni í verslun og þjónustu í hverju hverfi er mikilvægur þáttur í því að íbúar geti sinnt sínum daglegu þörfum. Fjölbreytni í verslun og þjónustu í Fífuhvammum er góð, samtals fær hverfið 21 stig af 26 mögulegum. Sú þjónusta samkvæmt aðferðafræði og viðmiðum sem vantar til að fá fullt hús stiga er menningarmiðstöð, ÁTVR, (hrað)banki, pósthús, fatahreinsun og lögregla.

Stutt er í ÁTVR, hraðbanka, pósthús og lögreglu frá Fífuhvammum. Þessi þjónusta er vestan megin við Reykjanesbraut, á Dalvegi.



Styrkleikar Stutt í stofnleiðir Góðar gönguleiðir Fjölbreytt þjónusta Sundlaug Bókasafn	Veikleikar Almenningssamgöngur
Ógnanir	Tækifæri Almenningssamgöngur Göngubrú y. Reykjanesbr. Þéttleiki Aukinn fjölbreytileiki Hjólástígar

SVÓT - greining fyrir matsþáttinn athafnir daglegs lífs.



Verslunarkjarni við Salaveg

4.2.2 Fjarlægð í nærþjónustu

Fjarlægð fyrir íbúa Fífuhamms að nærþjónustu er að mestu leyti góð þegar þessi ákveðnu þættir eru skoðaðir. Það eru garðlönd grenndargámar og leikskólar sem eru undir lágmarki í viðmiðum gátlistans.

Það er gott aðgengi að skólum ásamt leiksvæðum og opnum svæðum.

Viðmið	Undir lágmarki	Lágmark	Æskilegt	Gott
Litakóði	< 70%	71-80%	81-90%	91-100%

Staður	Vegalengd	Fjöldi íbúa	Hlutfall	Viðmiðunarflokkur
Lindaskóli	800 m	3416	112%	gott
Salaskóli	800 m	3481	107%	gott
Leikskólinn	600 m	3650	95%	gott
Núpur				
Leikskólinn	600 m	2592	93%	gott
Dalur				
Leikskólinn	600 m	2854	88%	æskilegt
Fífusalir				
Leikskólinn	600 m	2072	64%	undir lágmarki
Rjúpnahæð				
Íþróttasvæðið	1200 m	5675	94%	gott
Versölum				
Heilsugæsla	800 m	4318	71%	lágmark
Garðlönd	800 m	3577	59%	undir lágmarki
Núpalind				
Garðlönd	800 m	3923	51%	undir lágmarki
Arnarnesveg				
Grenndar-	500 m	4080	67%	undir lágmarki
gámar				
Leiksvæði	300 m	6200	100%	gott
Opin svæði	400			gott
Stærri útív.sv.	2000 m			gott


Fjarlægð í nærþjónustu í Fífuhammi, nánar upplýsingar má finna í gátlista í viðauka. (Tölur úr Þjóðskrá 2015).

4.2.3 Almenningsvagnar og fjarlægðir

Aðkoma í Fífuhamm er annars vegar frá Reykjanesbraut, og hins vegar frá Arnarnesvegi. Fífuhammsvegur liggur í gegnum hverfið og tengir saman Reykjanesbrautina og Arnarnesveginn, Lindarvegur er einnig tengibraut. Hlíðardalsvegur, Hvammsvegur, Salavegur og Fitjalind eru safngötur. Aðrar götur í hverfinu eru íbúagötur með 30 km hámarkshraða.

Biðstöðvar í hverfinu eru 11. Áhrifasvæði biðstöðva í Fífuhammi ná ekki yfir alla íbúðarbyggð í hverfinu, rúmlega 300 íbúar búa ekki innan áhrifasvæðis strætóbiðstöðva en það er þó innan góðra viðmiða í gátlista. Leiðarkerfi hverfisins tengir hverfið við nærliggjandi hverfi og stórar biðstöðvar, s.s. Hamraborg og Mjódd. Það sem er helst ábótavant í þessum þætti er að ferðir strætó mættu vera tíðari.

Í ársbyrjun 2019 eru tvær strætó leiðir sem þjónusta íbúa í Fífuhammi. Leið 2 ekur Fífuhammsveg og Arnarnesveg og stoppar þar á þremur stöðum. Aðrir helstu áfangastaðir á leið 2 eru; Kringlan, Grensásvegur, Suðurlandsbraut og Hlemmur. Leið 28 ekur um Kópavog að Mjódd, frá Hamraborg í gegnum Digraneshverfið, Smárahverfið, Fífuhamm og Vatnsenda og endar í Mjódd.



Strætóleiðir sem fara um Fífuhamm, haustið 2019.

Leið 2 Leið 28



Biðstöð og áhrifasvæði með 400 radíus.

4.2.4 Samantekt á áhrifabættinum athafnir daglegs lífs

Þjónusta í hverfinu er nokkuð góð. Það sama á við þegar fjarlægð í nærþjónustu og aðstæður fyrir daglegt líf íbúa í hverfinu er skoðað. Aðstæðurnar hvetja til hreyfingar og útiveru. Stutt er í verslun og þjónustu og útivistarsvæði. Aðgengi að biðstöðvum almenningsvagna er á flestum stöðum í Fífuhvammi mjög gott, eða innan við 400 m. áhrifasvæðis frá heimili. Huga þarf að þeim stöðum sem eru fyrir utan áhrifasvæði og uppbyggingarsvæðið í Gláðheimum. Aðgengi að opnum svæðum og leiksvæðum er gott að mestu leyti.



4.3 Efnahagur

Í matsþættinum efnahagur eru aðstæður til atvinnureksturs og aðgengi að atvinnusvæðum fyrir viðskiptavinum metnar. Mat er lagt á fjölbreytileika landnotkunar til atvinnureksturs og tengingu almenningsvagna við stærri atvinnusvæði á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda starfa í hverfinu en gera má ráð fyrir því að flest störf í hverfinu séu í hverfahluta F1, F2 og F5 vegna starfseminnar sem þar er, annars vegar verslun og þjónusta og hins vegar skólar og íþróttahús.


Fjölbreytni í verslun og þjónustu í hverfinu er mikil en það má m.a. sjá í kafla 4.2.1 um fjölbreytni en þar eru 77% af þeirri þjónustu sem gott hverfi þarf að hafa samkvæmt gátlista.

Í aðalskipulagi Kópavogs er verslunarkjörnum skipt í tvennt, annars vegar bæjarkjarna og hins vegar miðbæjarkjarna. Bæjarkjarnarnir eru minni verslunarsvæði sem eru á þremur stöðum í bænum, þar af einn í Fífuhvammi. Miðbæjarkjarni er í Smáranum og Fífuhvammi og Hamraborg. Áhrifasvæði bæjarkjarnanna var skoðað miðað við 800 og 1.200 m radíus og ná þau að þjónusta ágætan hluta hvers hverfis. Áhrifasvæði miðbæjarkjarnans er 1.000 m og nær það svæði ágætlega yfir íbúðarbyggðina í Fífuhvammi og Smáranum og þjónustar því þeim hverfum mjög vel með öllum þeim fjölbreytileika sem þar er, auk þess að þjónusta öllu höfuðborgarsvæðinu.




Styrkleikar Fjölbreytni Staðsetning	S	Veikleikar	V
Ógnanir	Ó	Tækifæri Aukin uppbygging Vistvænar samgöngur að atvinnusvæði fyrir starfsmenn og viðskiptavinum.	T

SVÓT - greining fyrir matsþáttinn Efnahagur.



Athafnarsvæði
 Miðsvæði
 Verslun og þjónusta




Áhrifsvæði bæjarkjarna, 800 og 1.200 m.

Fjarlægðir frá bæjarkjörnum í Kópavogi. Minni hringurinn sýnir 800 m radíus frá bæjarkjörnum, þ.e. Engihjalla, við Salaveg og Vallakór. Stærri hringurinn sýnir 1.200 m radíus frá bæjarkjörnum þremur. Gera má ráð fyrir að hægt sé að ganga um 800 m á 12 mínútum og um 1.200 m á 16 mínútum.

4.3.1 Samantekt á áhrifaþættinum efnahagur

Í Fífuhammi eru aðstæður til atvinnureksturs góðar, þar er fjölbreytt starfsemi sem hefur tækifæri til að stækka, eflast og auka fjölbreytileika enn meir. Staðsetning atvinnusvæðisins, við Reykjanesbraut, er góð þegar horft er til nálægðar við Reykjanesbraut. Strætósamgöngur í hverfinu eru nokkuð góðar í heildina litið en huga þarf að eflingu strætósamgangna við atvinnusvæðið í Lindahverfi sem valkost á móti einkabílum.



Áhrifsvæði frá miðsvæði, 1000 m

Áhrifsvæði miðsvæðis í Smáranum, 1.000 m radíus frá miðsvæði. Miðsvæði er svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Hjólaleiðir að stærstu atvinnusvæðunum á höfuðborgarsvæðinu eru nokkuð góðar en nokkur atriði þarf að huga að, þverun yfir Fífuhammsveg og aðstæður hjólréiðafólks í gegnum nýtt Glæðheimasvæðið frá Arnarnesvegi og hjólastíg meðfram Reykjanesbraut. Þetta verður skoðað nánar í nýrri vinnu við samgöngustefnu Kópavogsbæjar. Auk þess má fjölga hjólastæðum á atvinnusvæðum.

4.4. Manngert umhverfi


Í matsþætinum *Manngert umhverfi* er verið að meta gæði manngerða umhverfisins, s.s. öryggi, heilsu, gæði almenningsrýma, gróður, loftgæði og hljóðvist.

4.4.1 Umferðaröryggi við grunnskóla

Árlega er gerð ferðamatáttakönnun í grunnskólum Kópavogs. Könnunin er lögð fyrir nemendur í 1. og 7. bekk, þar sem spurt er um ferðamáta til skóla. Niðurstöður í Lindaskóla koma mjög vel út fyrir báða árganga, aðeins 32% nemenda í 1. bekk og 20% nemenda í 7. bekk eru keyrð í skólann. Aðrir koma gangandi, hjólandi eða með strætó. Í Salaskóla eru það 62% nemenda í 1. bekk og 29% nemenda í 7. bekk sem eru keyrð í skólann á morgnanna. Könnunin var gerð yfir viku tímabil í maí 2018. Nemendur í Linda- og Salaskóla merktu leiðina sem þeir ganga/hjóla í skólann á kort, auk þess var hægt að merkja á kortið hættulega staði á leiðinni. Niðurstöður sýna að helstu svæðin sem nemendur benda á á leið sinni úr Lindaskóla eru yfir Hlíðardalsveg og lýsing við undirgöng og á opnu svæði fyrir ofan skólann. Nemendur í Salaskóla merktu engin hættusvæði á leið þeirra í skólann. Það segir okkur ekki að hverfið sé hættulaust en gefur okkur þó vísbindingu um að nemendum í Salaskóla finnist þau örugg.




SVÓT - greining fyrir matsþáttinn Manngert umhverfi.




Helstu gönguleiðir
 Grunnskólar
 Hættusvæði

Helstu gönguleiðir skólabarna í Linda- og Salaskóla og hættusvæði sem þau benda á. Nemendur í Salaskóla bentu ekki á hættusvæði. (2014)


1. bekkur, vor 2018




7. bekkur, vor 2018



1. bekkur, vor 2018



7. bekkur, vor 2018



Niðurstöður ferðamátakönnunar vorið 2018 hjá 1. og 7. bekk í Salaskóla

Niðurstöður ferðamátakönnunar vorið 2018 hjá 1. og 7. bekk í Lindaskóla

4.4.2 Umferðaróhöpp 2014-2017

Umferðaróhöpp sem áttu sér stað í Kópavogi tímabilið 2014-2017 hafa verið skráð af Samgöngustofu. Á kortinu hér til hliðar hafa verið tekin út slys sem eru í umsjá Vegagerðarinnar. Þegar Fífuhammshverfið er skoðað sérstaklega á þessu tímabili sést samþjöppun umferðaróhappa eru við Fífuhammsveg og við Lindarveg. Þegar rýnt er í slys á óvörðum vegfarendum eru fjögur meiriháttar slys þar sem um er að ræða hjólandi vegfarenda og hinsvegar bifreið.



● Alverlegt umferðaróhapp ● Umferðaróhapp með litlum meiðslum

Skráð umferðaróhöpp á tímabilinu 2014-2017 í Fífuhammi, samgöngustofa Íslands.

4.4.3 Opin svæði

Í Fífhvammi eru garðar víðast hvar vel grónir og fallegir og gefur það bæjarhlutanum fallegt og grænt yfirbragð. Opin svæði í hverfinu eru:

Selhryggur er á mörkum Kópavogs og Reykjavík. Stígur liggur eftir svæðinu endilöngu og tengir það á mörgum stöðum inn í hverfin. Norðurhluti svæðisins liggur að útivistarsvæðinu í Kópvogsdal og í suðaustri heldur stígurinn áfram yfir í Kóra. Á Selhrygg er nokkuð um trjárækt, leiksvæði og áningarstaði.

Hvammsshlíð er opið svæði milli Selhryggs og Lindaskóla. Þarna er hinn eiginlegi hvammur sem jörðin Fífuhvammur dró nafn sitt af (Hvammur, Hvammkot, Fífuhvammur) enda stóð bærinn þar í grennd. Á svæðinu eru merkar minjar, bæði sögulegar og jarðfræðilegar. Þar eru m.a. leiksvæði, garðlönd, sleðabrekka, útikennslusvæði og fróðleiksskilti.

Rjúpnadalshlíð/Smalaholt er svæðið milli golfvallar í Leirdal og íbúðarbyggðar á Rjúpnahæð Smalaholti. Það var áður að stórum hluta landgræðsluskógasvæði sem gróðursett var í árin 1990-1991. Stígar hafa verið lagðir um hluta svæðisins og þar er m.a. gert ráð fyrir leiksvæðum. Hringsjá var sett upp á Smalaholti árið 2014.

Nýverið hefur verið settur upp heilsuhringur í kringum kirkjugarðinn. Settar hafa verið fjarlægðarmerkingar, áningastaðir og þrektæki.

Fjarlægðir og aðgengi að opnum svæðum í hverfinu er nokkuð gott, viðmið í fjarlægðir að opnum svæðum geta verið allt frá 400 m niður í 50 m. Gæði og hlutverk opinna svæða vega hærra heldur en stærð þeirra þegar meta á stöðu opinna svæða í nærumhverfi.



Opin svæði


Opin svæði í Fífuhvammi eru í Hádegishólum, á Selhrygg og grænar tungur teygja sig inn í íbúðarbyggðina. Auk þess er golfvöllurinn hluti af opnu svæði í Fífuhvammi. Opnu svæðin eru skilgreind með ljósgrænum lit á myndinni.




Skemmtilegar og fjölbreyttar gönguleiðir eru í Fífuhvammi.



Áhrifasvæði opina svæða í Kópavogi, 50 m í radíus.



Áhrifasvæði opina svæða í Kópavogi, 400 m í radíus.
Áhrifasvæði strandlengjunnar er í öðrum lit á þessu korti.



- Opin svæði
- 50 m áhrifasvæði
- 400 m áhrifasvæði strandlengju
- 400 m áhrifasvæði



Opin svæði eru skilgreind í skipulagsreglugerð á eftirfarandi hátt: Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningastöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar (Skipulagsreglugerð nr. 90/2013).


4.4.4. Samgöngunet

Mikilvægt er að meta aðstæður á þeim leiðum sem hvetja til hreyfingar og aukinnar andlegrar vellíðunar, s.s. eins og vistvænar samgöngur. Gönguleiðir í hverfinu eru almennt góðar og öruggar. Hægt er að komast á öruggan hátt undir Fífuhvammsveg í undirgöngum og margar gönguleiðir eru við græn svæði sem teygja sig inni hverfið. Þar sem lítil bílaumferð er ásamt því er flæði milli hverfa, innan hverfisins, gott ýmist á göngustígum eða gangstéttum. Sérmerktur hjólastígur er samsíða Fífuhvammsvegi. Skoða þarf sérstaklega hjólastíga milli Smárans og Fífuhvamms, hvernig best er að koma hjólaumferð frá stígnum frá Mjódd meðfram Reykjanesbraut norðan við Fífuhvammsveg yfir í Bæjarlind og Smárahverfi og áfram suður til Garðabæjar.

Hjólastæði við stofnanir bæjarins í Fífuhvammi eru almennt nokkuð góð.

Hjólastæði við verslanir og þjónustu í hverfinu þarf að bæta. Mælt er til þess að notast frekar við hjólaboga heldur en hjólagrindur.

Ekki var gert ráð fyrir hjólastæðum í upprunalegu skipulagi fyrir íbúðarbyggðina í Fífuhvammi. Í nýju deiliskipulagi fyrir Gláðheima, austurhluti reitur 2, er meiri áhersla á hjólréiðar heldur en í gömlu deiliskipulögunum, þar er m.a. sérstakur hjólastígur. Mikilvægt er að taka tillit til aukinnar hjólréiðanotkunar og vistvænni samgangna í nýrri deiliskipulagsgerð á bæði þróunarsvæðum og óskipulögðum svæðum, s.s. yfirbyggð hjólastæði, hjólastígar og almenningsamgöngur.




Hjóla- og göngustígakort Kópavogsbæjar frá 2019.



Hjólastæði vel nýtt við Salaskóla.

4.4.5 Grenndargámar

Í Kópavogi eru tvær tegundir af sorptunnum við hvert heimili, orkutunna sem tekur við öllu almennu heimilissorpi og pappírs- og plasttunna sem tekur við öllum almennum pappa og plasti. Grenndargámstöðvar eru 13 í sveitarfélaginu, þar er ýmist hægt að losa dósir, gler, plast og föt. Í Fífuhammi eru þrjár grenndargámstöðvar, við Núpaland, Funaland og Salaveg. Lagt er til að staðsetning grenndargámstöðva verði endurskoðuð í hverfinu þar sem hluti af íbúum í Salahverfi býr ekki innan áhrifsvæðis stöðvanna. Grenndargámstöðin við Salaveg er þó á fjölfarinni leið.



● Grenndargámstöð ■ Áhrifsvæði grenndargámstöðva
Þrjár grenndargámstöðvar eru í Fífuhammi, áhrifsvæði þeirra er 500 m rás.



Grenndargámstöð er við Salaveg.

4.4.6 Hávaðamælingar








Árið 2018 reiknaði og kortlagði Verkfræðistofan Efla hljóðstig í Kópavogi, á stórum vegum þar sem árdagsumferð fer yfir 8.000 ökutæki. Markmið kortlagningarinnar var að kortleggja og meta hávaða og leggja grunn að aðgerðum til að draga úr ónæði og truflunum af völdum hávaða. Í kjölfar útreikninga á hljóðstigi var unnin *Aðgerðaáætlun gegn hávaða í Kópavogi*. Horft er til þeirra svæða þar sem umferðarhávaði veldur íbúum verulegu ónæði og reiknast yfir $L_{den}=65$ dB, t.d. á stöðum þar sem byggð er í nágrenni við stofnbrautir. Íbúðarbyggð í Fífuhvammi er að stærstum hluta undir þessum viðmiðum, sú byggð sem er næst fjölförnum umferðargötum s.s. Reykjanesbraut, Fífuhvammsvegi og Arnarnesvegi hlýtur einhver ónæði af. Búið er að koma upp hljóðmönnum og hljóðvarnargirðingum við fjölförnustu göturnar til að skerma af mesta hávaðann.

Hæðir húsa

Hús í hverfinu eru mismunandi há. Í Lindahverfi er mest um 1-2 hæða hús en hærra hús eru meðfram Fífuhvammsvegi. Hæðir húsanna fara allt upp í 14 hæðir. Verslunar- og þjónustubyggingar í hverfareit F1 og F2 eru mismunandi að hæð en flest eru í kringum þrjár hæðir.




Hljóðkort, reiknaður umferðarhávaði árið 2018 í 4 m hæð.

	< 50 dB(A)		51-55 dB(A)		56-60 dB(A)		61-65 dB(A)
	66-70 dB(A)		71-75 dB(A)		76 > dB(A)		



Íbúar í Salahverfi taka þátt í að gróðursetja tré við Ársali



Uppbygging Fífuhamms.

1981 - 2000

2001 - 2013

4.4.7. Samantekt á áhrifaþættinum manngert umhverfi

Þegar gæði umhverfis í hinu manngerða umhverfi eru skoðuð kemur hverfið vel út. Aðgengi að opnum svæðum, skólalóðum og leiksvæðum er öruggt og gott. Fjölbreytileiki opnu svæðanna má vera betri.

Umferðaröryggi á gönguleiðum skólabarna í hverfinu er nokkuð gott en bæta þarf lýsingu á gönguleiðum skólabarna í Lindaskóla. Vinna þarf að bættu umferðaröryggi á gatnamótum Fífuhammsvegur og Lindavegar og við Skógarlind. Nýr Arnarnesvegur hefur bætt aðstæður á Fífuhammsvegi. Mikilvægt er að fara yfir aðskilnað gangandi og hjólandi á stígakerfi hverfisins.

Skoða þarf sérstaklega aðstæður í Bæjarlind og á Lindarvegi vegna aukinnar uppbyggingar með áherslu á alla samgöngumáta.

4.5. Náttúrulegt umhverfi

Í matsþættinum náttúrulegt umhverfi er skoðuð virðing fyrir náttúru og viðhaldi vistkerfa. Þar sem náttúrulegt umhverfi skiptist ekki beint á milli hverfa verður hér horft á heildina, allan Kópavog og Fífuhamm.


4.5.1 Vistvæn viðmið í skipulagi

Glaðheimar í hverfareit F1 eru skilgreindir sem þróunarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs. Glaðheimasvæðið er skilgreint sem blandað svæði verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis. Umrætt svæði er hluti af svæðiskjarna höfuðborgarsvæðisins. Nýtt deiliskipulag fyrir Glaðheima leggur ríka áherslu á hönnun og útlit bygginga hverfisins til að skapa góða upplifun íbúa og annarra gesta hverfisins. Uppbygging á Glaðheimasvæðinu er á þegar röskuðu svæði innan byggðar, því er ekki verið að ganga á opin svæði eða óröskuð svæði í þeirri uppbyggingu sem þar mun fara fram. Í aðalskipulagi Kópavogs er skýrt tekið fram að áherslur skuli vera á vistvænar lausnir, s.s. almenningssamgöngur, hjólastíga og opin svæði, horft verður til þessara þátta í skipulagsvinnunni í Glaðheimum.



Styrkleikar Uppbygging á röskuðu landsvæði Útikennslusvæði Hverfisvernd	S	Veikleikar	V
Ógnanir	Ó	Tækifæri Aukinn gróður Fjölbreyttari opin svæði	T

SVÓT - greining fyrir matsþáttinn Náttúrulegt umhverfi.



Þróunarsvæði í Smáranum skv. Aðalskipulagi Kópavogs 2014.

■ Þróunarsvæði

4.5.2 Verndarsvæði og náttúruminjar


Í Fífuhammi eru þrjú hverfisvernduð svæði.

Hádegishólar eru stakar grágrýtisklappir með áberandi jöklurákum vestan Kópavogskirkjugarðs. Milli hólanna er rúst sem ber að taka tillit til við framkvæmdir. Þar er einnig Búdda stúpa, reist árið 1992.

Markasteinn markaði landamerki jarðanna Fífuhamms, Vatnsenda og Breiðholts.

Selstaða er skammt frá bæjarstæði Fífuhamms. Ekki er alveg ljóst hvert hlutverk hússins var en möguleiki er á að hér hafi verið selstaða.

Aðrar minjar í Kópavogi má sjá á minjakorti Kópavogs og Minjaskrá Kópavogs í viðauka.




Hádegishólar, Markasteinn og selstaða eru minjar í Fífuhammi



Búdda stúpa við Hádegishóla, þar má finna grágrýtisklappir með jöklurákum.

4.5.3 Útikennslusvæði

Unnið hefur verið markvisst að uppsetningu útikennslusvæða í Kópavogi frá árinu 2010. Frá þeim tíma hafa verið tekin í notkun 13 útikennslusvæði víðsvegar um bæinn. Þrjú útikennslusvæði eru í Fífuhvammi. Eitt er á opnu svæði ofan við Lindaskóla, Lindarskógur, annað á opnu svæði við Hádegishóla og það þriðja austan við smalaholt. Útikennslusvæðin í Fífuhvammi eru fjölbreytt, þar má m.a. finna eldstæði og bekki úr trjádrumbum. Náttúra og umhverfi Kópavogs býður upp á fjölbreyttar aðstæður til útináms og fróðleiks fyrir leik- og grunnskólabörn í Kópavogi.



Fjöldmörg útikennslusvæði má finna í Kópavogi, þar af þrjú í Fífuhvammi.

- Útikennslusvæði
- Leikskólar
- Grunnskólar



Útikennslusvæði í Rjúpnalundi, austan Smalaholts, er nýtt af Salaskóla, leikskólanum Fífusólum og Rjúpnahæð. (mynd af heimasíðu Salaskóla)



Útikennslusvæði í Lindahverfi þar sem nemendur tóku þátt í að gróðursetja, Lindaskógur.

4.5.4 Trjárækt

Engan náttúrulegan skóg eða kjarr er að finna í Fífuhvammum, enda hefur verið sauðfjárbætt á landinu allt frá landnámi. Elsti trjáreitur í hverfinu er við enda Galtalindar ofan Lindaskóla, þar sem áður stóð íbúðarhúsið Tungu. Húsið var byggt árið 1935 og gera má ráð fyrir að flest núverandi tré í reitnum hafi verið gróðursett á fjórða áratug síðustu aldar.

Vorið 1990 byrjaði á landsvísu sk. Landgræðsluskógaáttak þar sem skógræktarfélag og bæjarfélög fóru í stórfelldar gróðursetningar til ræktunar skóga, einkum á lítt eða illa grónu landi. Þetta ár og sumarið 1991 var gróðursett í Smalaholti og Rjúpnahæð og árið eftir í Hnoðraholti. Tæpum 15 árum síðar var skipulögð íbúabygging í Hnoðraholti öllu og á stórum hluta skógræktarsvæðisins í Smalaholti. Áður en uppbygging hverfanna hófst stóð Kópavogsbær fyrir stórfelldum flutningi trjáa af byggingarsvæðum til gróðursetningar í Lindum, Sölum og víðar. Furureitir, sem í dag má t.d. sjá við Núpaland, Galtalind, Fífuhvammsveg, Salaveg, upp með golfvöllinum og víðar í hverfinu, eiga rætur að rekja til þessara skóga. Af skóginum standa eftir um 5 ha kringum byggðina í Smalaholti.

Árið 2013 gróðursettu börn úr Lindaskóla og leikskólunum Núp og Dal í um 5.000 m² útikennslusvæði ofan Lindaskóla sem nefnt var Lindaskógur. Víðar er trjágróður á lóðum og opnum svæðum bæjarins í hverfinu, auk Kópavogskirkjugarðs sem rekinn er af Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma.

Aukin trjá- og skógrækt er fyrirhuguð í hverfin, enda hafa íbúar óskað eftir því. Af stærri svæðum má í þeim efnum nefna svæði milli Linda og Reykjanesbrautar, Selhrygg, svæði við Hádegishóla og umhverfi helstu umferðaræða hverfisins; Arnarnesveg og Fífuhvammsveg.

4.5.5 Fuglalíf

Ekki er til mikið af skýrslum um fuglalíf á þessu svæði. Það sem hefur helst verið skoðað síðustu ár er ágangur máfa við Lindakirkju og nágrenni en þar er órækt sem er nánast kjöraðstæður fyrir sílamáfavarp. (Hilmar J. Malmquist, 2013).



Leirdalur 1990 (mynd Friðrik Baldursson)

4.5.6 Umhverfisviðurkenningar

Frá 1964 hefur Kópavogsbær veitt viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi, fallega garða eða lóðir bæjarins. Í Fífuhammi hafa verið veittar viðurkenningar fyrir frágang húss og lóðar á nýbyggingarsvæðum, hönnun og götu ársins. Lindaskóli og Salaskóli fengu umhverfisviðurkenningu fyrir framlag til umhverfismála árið 2007. Eftirfarandi hafa fengið umhverfisviðurkenningu í Fífuhammi frá 1995:

- Umhirða húss og lóðar til fyrirmyndar
Jöklalind 1 (2016).
Gnitakór 15 (2014).
- Framlag til umhverfismála
Lindaskóli (2007).
Salaskóli (2007).
- Frágangur húss og lóðar á nýbyggingarsvæðum
Þorrasalir 17 (2015).
Þorrasalir 9 - 11 (2014).
Lómsalir 2 - 4 (2004).
Logasalir 7 (2003).
Jórsalir 6 og 8 (2002).
Ársalir 1 - 3 (2002).
Jórsalir 4 (2001).

Mánalind 2 (2000).

Íðalind 3 (1999).

Fjallalind 25 (1998).

- Hönnun

Fífusalir, Salavegi 4 (hönnun lóðar) (2005).

Laxalind 6, Björgvin Snæbjörnsson (hönnun einbýlishúss) (2005).

Hlynsalir 1 - 3, Kristinn Ragnarsson o.fl. (hönnun fjölbýlishúsa) (2003).

Logasalir 7, Sveinn Ívarsson (hönnun einbýlishúss) (2003)

Funalind 13, Eyjólfur E. Bragason (hönnun einbýlishúss) (1997).

4.5.7 Samantekt á áhrifaþættinum náttúrulegt umhverfi

Fífuhammur er að mestu fullbyggt að Glaðheimasvæðinu frátöldu. Uppbygging hófst um aldarmótin og eru garðar og önnur opin svæði að mestu gróin. Íbúar hafa kallað eftir meiri gróðri á opnum svæðum. Fróðleiksskilti og ýmsar minjar má finna í hverfinu ásamt útikennslusvæðum. Mikilvægt er að unnið verði út frá vistvænum þáttum í áframhaldandi skipulagsgerð á svæðinu.

5. Kynning og samráð

Samráð við íbúa og hverfaráð er mikilvægur þáttur í þessu verkefni. Það eru íbúar sem eru notendur hverfisins og gefa góðar upplýsingar um eiginleika, kosti og galla þess. Í viðauka eru lagðar fram ábendingar frá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum sem komu fram á meðan hverfisáætlun Fífuhamms var unnin. Samráð var einnig haft við umhverfis- og samgöngunefnd, skipulagsnefnd og menntasvið.

Á samráðsfundi með íbúum og hverfaráði kom fram að íbúar eru almennt mjög ánægðir með hverfið sitt. Það er fjölskylduvænt og með fjölbreytta útivistarmöguleika s.s. stígakerfi, opin svæði sundlaug og íþróttasvæði. Íbúar völdu m.a. hverfið vegna staðsetningar og húsnæðis.

6. Framtíðarsýn og áherslur

Fífuhammur samanstendur af tveimur skólahverfum með rúmlega 6.000 íbúa. Íbúar eru ánægðir með verslunarkjarna, heilsugæslu og telja hverfið barnvænt en hafa á sama tíma áhyggjur af aukinni umferð.

Eftir að hafa fundað með íbúum og hverfaráðum, greint hverfin og farið yfir gátlistann var staða hverfisins metin. Lagðar fram framtíðaráherslur og framtíðarsýn hverfisins til að ná settum markmiðum um vistvænt og lýðheilsuvænt hverfi.

Mikilvægt er að á þróunarsvæðum og þegar sótt er um breytingu á deiliskipulagi í hverfinu sé horft til þeirrar stefnu sem sett er fram í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

Að byggð verði bæði fjölbreytt og falli vel að umhverfi sínu, að samspil gatna, torga, garða og bygginga sé gott og að yfirbragði byggðar skuli

ekki raskað, þ.e. að gætt sé samræmis hvað varðar götummynd, hlutföll bygginga og byggingarstíls.

Í stefnu aðalskipulags Kópavogs um íbúðarbyggð segir:

Að hver bæjarhluti verði aðlaðandi, sérkenni hans njóti sín og hafi miðkjarna ef þess er kostur. Að byggð verði fjölbreytt og falli vel að umhverfinu.

Í allri nýrri skipulagsvinnu skal stefnt að byggðarmynstri sem byggir á samspili gatna, torga, garða og bygginga.

Fyrirhugaðar breytingar, á einstökum lóðum eða hluta götureita í eldri hverfum bæjarins, skulu ekki raska yfirbragði aðliggjandi byggðar.

Stuðla skal að verndun og viðhaldi þess menningarsögulega arfs sem fólgin er í sögu og þróun byggðar í Kópavogi á þann hátt að einstök hús, húsaðir og götummyndir verði vernduð með hverfisvernd.

Við skipulag byggðar verði leitast við að jafna dreifingu aldurs- og þjóðfélagshópa. Á íbúðarsvæðum verði heimil minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu.

Í gildandi aðalskipulagi Kópavogs kemur eftirfarandi fram:

„Komi fram óskir um breytingar í núverandi byggð, hvort sem hún er deiliskipulögð eða ekki, skal liggja fyrir greinargerð með skýringarmyndum þar sem ítarlega er greint frá mögulegum áhrifum breytingarinnar á þá byggð sem fyrir er. Einkum skal horft til hluta eins og hvernig breytingin fellur að aðliggjandi byggð og yfirbragði hverfisins hvað varðar stærð og hlutföll, umferð, bílastæðapörf, útsýni og skuggamyndun.“

Þegar óskað er eftir breytingum skv. 43 og 44. gr skipulagslaga nr. 123/2010 skal:

- Byggingarmagn á lóð, hvort sem um er að ræða nýbyggingu eða aukið nýtingarhlutfall á lóð að jafnaði ekki vera hærra en meðaltalsnýtingarhlutfall nærliggjandi húsa.
- Hæð húsa eða mannvirkja skal að jafnaði ekki vera hærri en sú lína sem dregin er milli þeirra húsa í götunni sem eru sitt hvoru megin við.
- Lega og form byggingarreits skal að jafnaði liggja innan línu sem dregin er milli húsa sitt hvoru megin við.

Huga skal m.a. að þessum þáttum við skipulagsvinnu í hverfinu.

Mikilvægt er að fylgjast með þróun hverfa, sbr. ferðamátakannanir, þéttingu byggðar og áhrifasvæði verslunar og þjónustu og opinna svæða.

Í skipulagsgerð er einnig mikilvægt að huga að góðri staðsetningu skóla, þannig að ungir vegfarendur þurfi sem minnst að þvera götur. Með því að gera ráð fyrir götugróðri í skipulagsupphafi og setja sem kvöð í skipulagsskilmála strax í upphafi erum við að skapa falleg gróin hverfi. Einnig er mikilvægt að gera kröfu um gæði útivistarsvæða strax í upphafi. Nýlegar rannsóknir sýna að opin svæði eiga að vera innan við 50 m frá heimili og að áhersla sé lögð á gæði og aðgengi frekar heldur en stærð svæðanna. Opin svæði í byggð samanstanda af leik, félagslegri samveru, ræktun, náttúru- og menningarupplifun. Þessi svæði falla undir daglega notkun og á þeim ætti að gera ráð fyrir bekkjum, borðum, sorptunnum og leiktækjum (fyrir alla aldurshópa). Svæðin eiga að vera fjölbreitt og skapa mismunandi upplifun.

Það er markmið þessa verkefnis að fara yfir stöðu hverfisins með íbúum og setja framtíðarsýn. Hér eru lagðar fram hugmyndir að betrubótum í hverfinu sem ýta undir bættu lýðheilsu og vistvæn hverfi. Að hverfið verði góður staður til búsetu, frá vöggju til grafar.

Stuðla má að bættri andlegri og líkamlegri heilsu fólks með m.a. góðum göngu- og hjólaleiðum og skapa gott aðgengi að útivistar- og íþróttasvæðum auk bættra almenningssamgangna.

Áherslurnar sem verða kynntar hér á eftir taka tillit til þessara þátta.

Leiðir að betri Fífuhvammi þar sem gott er að búa:

Lindaskóli: Skoða þarf lýsingu á gönguleiðum annars vegar frá Hlíðardalsvegi og niður opna svæðið að skólanum og hins vegar frá Fífulind og undir undirgöngin undir Fífuhvammsveg að Lindaskóla. Á skólalóð þarf einnig að skoða lýsingu við körfuboltavöll og sparkvöll.

Salaskóli: Fjölbreyttari skólalóð fyrir alla aldurshópa sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar.

Stígakerfi: Skoða þarf vel hvar er þörf á að aðskilja stíga fyrir gangandi- og hjólandi vegfarendur. Auk þess að skoða bættu tengingu á stígakerfinu yfir í Garðabæ og tengingar á milli Fífuhvamms og Smárans, yfir Reykjanesbraut.

Opin svæði: Auka fjölbreytileika, auka gróður, fjölga fróðleiksskiltum og setja upp þrektæki. Sem hvetja til útiveru og hreyfingar.

Lindarvegur og Bæjarlind: Endurgerð gatna með áherslu á fallegt og öruggt göturými þar sem þörfum allra ferðamáta er framfylgt.

Grenndargámastöðvar: Afmarkaðar og gerðar snyrtilegri með

skjólveggjum og gróðri.

Garðlönd: Skoða þarf nýja staðsetningu garðlanda.

Almenningssamgöngur: tíðni ferða aukin og leiðarkerfi endurskoðað í takt við aukna uppbyggingu í Glaðheimum.

Kirkjugarður: útbúið hlið á suðurenda kirkjugarðs fyrir gangandi vegfarendur. Gróður settur við bílastæði.

Íbúar kjósa að hafa hverfin aðlaðandi, örugg og með góðu aðgengi auk fjölbreyttrar þjónustu. Mörg heilsufarsvandamál nútímans tengjast lífsstíl og lítilli hreyfingu. Með því að huga að þessum þáttum í skipulagsgerð er hægt að skapa góð hverfi og hafa bein áhrif á heilbrigði og velferð íbúa. Rannsóknir hafa sýnt að skipulag byggðar og umhverfis í þéttbýli geti haft áhrif á útiveru, hreyfingu og heilbrigðari lífnaðarhætti íbúa.

Staða Fífuhvamms er almennt mjög góð, um 20 ár eru frá því að hverfið byggðist upp og nú er uppbygging á þróunarsvæði í gangi. Flest alla þjónustu má finna í hverfinu eða í Smáranum sem liggur að Fífuhvammi en þessi tvö hverfi skapa svæðiskjarna á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölbreytileiki byggðarinnar er mikill og nýbyggingar í Glaðheimum eru skipulagðar með fjölbreyttri stærð íbúða til að þjónusta sem fjölbreyttum fjölskyldustærðum.

Þeir þættir sem má bæta í hverfinu og þarf helst að huga að eru umferðarmannvirki og hljóðvarnir vegna aukinnar uppbyggingar, ásamt umferðaröryggi sem stuðlar að vistvænum samgöngum. Önnur verkefni snúa að mestu að fegrin og bættu umhverfi fyrir íbúa hverfisins. Umhverfi sem bætir upplifun og hvetur til útiveru og hreyfingar.

7. Framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna

Með framkvæmdaáætlun eru leiðir útfærðar til að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í byrjun þessarar hverfisáætlunar, þ.e. vist- og lýðheilsuvæn hverfi í góðu samræmi við íbúa. Framkvæmdaáætlun er háð fjárveitingum hvers árs og skal endurskoða hana ár hvert. Neðangreind áfangaskipting mun geta tekið breytingum. Verkefni í áfanga I eru verkefni sem eru í gangi og mun vera unnið að á næstu árum.

Áfangi I	Áfangi II	Áfangi III	Áfangi IV
<ul style="list-style-type: none">● Bæta lýsingu á gönguleiðum skólabarna. Frá Hlíðardalsvegi niður opna svæðið að Lindaskóla. Frá Fífulind undir undirgöng að Lindaskóla.● Gera opin svæði í hverfinu áhugaverðari og fjölbreyttari.● Auka gróður og skjólmyndun á opnum svæðum í hverfinu● Endurbætur á skólalóðum í hverfinu (sbr. skýrslu kópavogs um Skemmtilegar skólalóðir)● Endurbætur á lóð leikskóla í hverfinu (sbr skemmtilegar leikskólalóðir)	<ul style="list-style-type: none">● Gera hjólastíg meðfram Fífuhvammi● Bæta gatnamót við Skógarlind. Aðkoma að verslunarmiðstöð, Reykjanesbraut og Fífuhvammsvegi.● Hljóðvarnir við Reykjanesbraut bættar.● Göngu og hjólastígur meðfram Reykjanesbraut frá Garðabæ að Lindavegi.● Yfirfara og bæta þveranir yfir Hlíðardalsveg og Salaveg	<ul style="list-style-type: none">● Fegra bílastæði við Lindakirkju.● Ljúka göngustígagerð í Hnoðraholti● Tengingar á milli Smárans og Fífuhvamms fyrir gangandi og hjólandi.● Göngubrú yfir Fífuhvammsveg á móts við Lindakirkju● Lýsing og sjónlínur úr undirgöngum bættar	<ul style="list-style-type: none">● Hundagerði fyrir hunda● Bæta gönguleið norðan við Þorrasali● Skógarstígur milli hverfa. Frá Örvasölum uppí Austurkór.

Yfirlit yfir áætlaðar framkvæmdir í Fífuhvammi

1. Göngu og hjólastígur meðfram Reykjanesbraut frá Garðabæ að Lindavegi.
2. Skoða tengingar á milli Fífuhvamms og Smárans, yfir Reykjanesbraut, fyrir gangandi og hjólandi.
3. Breytingar á gatnamótum við Skógarlind - aðkoma að verslunarmiðstöð.
4. Aðskilja stígakerfið fyrir gangandi og hjólandi meðfram Fífuhvammsvegi og á helstu samgöngustígum í hverfinu .
5. Hljóðvarnir við Reykjanesbraut bættar.
6. Bætt lýsing á gönguleiðum skólabarna að Lindaskóla.
7. Göngubrú yfir Fífuhvammsveg.
8. Skógarstígur frá Örvasólum uppí Austurkór.
9. Fegra bílastæðið við Lindakirkju.
10. Ljúka göngustígagerð í Hnoðraholti
11. Bæta gönguleið norðan við Þorrasali
12. Hundagerði
13. Auka gróður og skjólmyndun á opnum svæðum í hverfinu ,ekki merkt á kort sértaklega
14. Gera opin svæði í hverfinu áhugaverðari og fjölbreyttari, ekki merkt á kort sérstaklega
15. Endurbætur á skólalóðir í hverfinu, ekki merkt á korti sértaklega. (sbr. skemmtilegar skólalóðir)
16. Endurbætur á leikskólalóðum í hverfinu, ekki merkt á korti sértaklega. (sbr skemmtilega leikskólalóðir)
17. Lýsing og sjónlínur úr undirgöngum bættar
18. Yfirfara og bæta þveranir yfir Hlíðardalsveg og Salaveg



8. Heimildaskrá

Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 (2014). Kópavogsbær.

H. Barton, M. Grand og R. Guise (2010). Shaping Neighbourhoods. For local health and global sustainability. 2nd edition. London, United Kingdom.

Héraðsskjalasafn Kópavogs. Afh. 9/2009. Adolf Petersen. BA/1 örk 8. „Fífuhvammur. Hvammkot – Hvammur.“

Hilmar J. Malmquist (2013). *Ráðleggingar við ágangi máfa í kringum Lindakirkju og nágrenni*. Náttúrufræðistofa Kópavogs.

Héraðsskjalasafn Kópavogs. Afh. 9/2009. Adolf Petersen. BA/1 örk 8. „Fífuhvammur. Hvammkot – Hvammur.“

Kópavogur (1989). Hugmyndasamkeppni um skipulag í Fífuhvammislandi.

Minjaskrá Kópavogs (2014). Kópavogsbær.

Saga Kópavogs. Saga lands og lýðs á liðnum öldum. Safn til sögu byggðarlagsins. I bindi. Ritstjóri Adolf J. Petersen (1990).

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsskilmálar, Kópavogsbær. (1996). Málfríður K. Kristiansen.

Skipulagsstofnun, skipulagsvefjsá. Vefslóð: <http://www.skipulagsstofnun.is> (sótt í mars 2017).

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Auk þess var höfð til hliðsjónar skýrsla Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, *Umhverfismat tillögu að svæðisskipulagi. Mat á*

sviðsmyndum um þróun nýrra byggðar ásamt gátlista Reykjavíkurborgar sem var útbúinn fyrir sambærilegt verkefni og þetta.

Mynda- og kortaskrá

Aðalskipulag Kópavogs, uppdráttur (1969). Kópavogsbær.

Aðalskipulag Kópavogs, uppdráttur (1982). Kópavogsbær.

Aðalskipulag Kópavogs 1988-2008, uppdráttur (1990). Kópavogsbær.

Aðalskipulag Kópavogs, uppdráttur (2000). Kópavogsbær.

Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024, uppdráttur (2014). Kópavogsbær.

Ársskýrsla Kópavogsbæjar, 1991-1994.

Friðrik Baldusson.

Glaðheimar - austurhluti. Breytt deiliskipulag. Reitur 2. Skipulagsskilmálar (2014). Skýringarhefti B. Kópavogsbær.

Kortavefsjá Kópavogsbæjar. Straumsalir. (Einar V. Tryggvason, 2001).

Kortavefsjá Kópavogsbæjar. Glósalir (Teiknistofan Kol og Salt, 2002).

Kortavefsjá Kópavogsbæjar. Glósalir (Vektor, 1999).

Kortavefsjá Kópavogsbæjar. Hásalir (Málfríður Klara Kristiansen, 2000).

Kortavefsjá Kópavogsbæjar. Jórsalir (T11 teiknistofa, 2000).

Kortavefsjá Kópavogsbæjar. Jórsalir (Sveinn Ívarsson, 2001).

Kortavefsjá Kópavogsbæjar. Þorrasalir 17 (Teiknistofa Arkitekta, 2012).

Kortavefsjá Kópavogsbæjar. Teiknistofa Leifs Stefánsson (2001).

Kortavefsjá Kópavogsbæjar. Teiknistofa Leifs Stefánsson (2007).

Kortavefsjá Kópavogsbæjar. Teiknistofan Smiðjuvegi (2000).

Kortavefsjá Kópavogsbæjar. Tektun (2008).

Kortavefsjá Kópavogsbæjar. Þorsteinn Helgason (2008).

Ljósmynd. Skúli Skúlason. Héraðsskjalasafn Kópavogs. Afh. 72/2005.

Loftmynd af Kópavogi (1988). Kópavogsbær.

Mynd í vörslu Héraðsskjalasafns Kópavogs.

Sólveig H. Jóhannsdóttir

Zeppelin Arkitektar

Þórdís Björnsdóttir Thoroddsen

Samantekt úr samráði við íbúa.

Hér má finna gögn sem bárust úr ábendingakerfi verkefnisins, ábendingar frá hverfaráðsfundum, nemendaráðum Linda- og Salaskóla og að lokum er samantekt frá samráðsfundi í Salaskóla í maí 2015.

Áhersluatriði íbúa á spurningarblaði flokkað í 3 þemu; samfélag, samgöngur og umhverfi.

5 ÁHERSLUATRÍÐI

Borð 1 Niðurstaða

1. Samgöngur við Skógarlind þarf að bæta.
2. Tengingar yfir í önnur hverfi má bæta, göngu- og hjólastígar.
3. Fara þarf varlega í gerð háhýsa, huga þarf að vindafari og skuggavarpi.
4. Arnarnesvegur, huga þarf að hljóðmengun, hönnun og öryggi.
5. Opin svæði í hverfinu mega vera gróðurmeiri og fallegri.

Borð 2 Niðurstaða

1. Bæta skólalóð Salaskóla, m.a. lýsingu.
2. Turninn, 32 hæðir - NEI.
3. Meiri flokkun sorps í heimahúsum.

4. Kettir og vargfugl eru vandamál.
5. Umferðarljós á Arnarnesveg/Salaveg.

Borð 3 Niðurstaða

1. Göngustígar, bæta þarf umferðaröryggi.
2. Betri lýsing.
3. Arnarnesvegur þarf að vera vænn fyrir íbúa.
4. Flokkun sorps, kynna þarf staðsetningu betur.
5. Áhyggjur af vind, vantar meiri gróður. Skemmtileg útvisarsvæði, náttúruáhersla.

Borð 4 Niðurstaða

1. Markviss uppbygging útivistarsvæða og grænna svæða.
2. Viðhalda núverandi þéttleikasvæði með lágreistri byggð.
3. Bæta innviði fyrir gangandi og hjólandi. Fjölgun bekkja, viðhald göngustíga, hjólandi.
4. Fjölbreytt afþreyingaraðstaða fyrir alla aldurshópa.
5. Skjólmyndun með auknum og fjölbreyttari trjágróðri.

SAMFÉLAG

Borð 1 Niðurstöður

1. Góð þjónusta í hverfinu.
2. Gott hverfi.
3. Heilsugæsla.
4. Áhyggjur af umferð.

Borð 3 Niðurstöður

1. Stutt í verslun og þjónustu.
2. Góð útivistarsvæði, bæta við gróðri.
3. Bæta þjónustu Strætó.
4. Öflugt skólastarf.
5. Fjölbreytni í heilsurækt.

Borð 4 Niðurstöður

1. Öruggt hverfi, fjölskylduvænt.
2. Viðhalda núverandi þéttleikastuðli með lágreistri byggð.
3. Styrkja við almenningsvagna.
4. Skjólmyndun, SA- átt.
5. Aðgengi og flæði hverfahluta.

UMHVERFI

Borð 1 Niðurstöður.

1. Fjölga gróðri á opnum svæðum.

- Fjölga bekkjum og tunnum í hverfinu.
- Bæta viðhald leiksvæða og sparkvalla.
- Bæta tengingar yfir í önnur hverfi og útivistarsvæði, s.s. Garðabæ og Kópavogsdalinn.
- Áhugi fyrir aukinni flokkun.

Borð 3 Niðurstöður.

- Grenndargámar og endurvinnsla. Auglýsa betur staðsetningu grenndargáma og áhugi er fyrir aukinni flokkun.
- Góð útivistarsvæði í hverfinu en bæta má viðhald og fjölga gróðri.
- Náttúruleiksvæði á Selhryggi í samvinnu við Reykjavíkurborg.
- Vantar hlið á kirkjugarðinn.
- Samgangur á gangstéttum - hjól/vespur/börn. Vantar merkingar.

Borð 4 Niðurstöður

- Markviss uppbygging útivistarsvæða og grænna svæða.
- Fjölbreytt afþreyingaraðstaða fyrir alla aldurshópa.
- Frekari flokkun við heimahús + grenndargerði

- Bætt aðstaða garðlanda og fjölga þeim.
- Aukinn og fjölbreyttari trjágróður.

SAMGÖNGUR.

Borð 1 Niðurstöður.

- Vantar betri tengingu yfir í Smáralind.
- Laga þarf gatnamótin við Skógarlind og bílastæði Krónunnar.
- Tenging yfir í Kópavogsdal og Garðabæ má vera betri fyrir gangandi og hjólandi.
- Aðskildir hjólastígar.

Borð 3 Niðurstöður.

- Aðskilja stígakerfið fyrir gangandi og hjólandi umferð.
- Bílastæði við Krónuna þarf að laga og umferðina þar í kring.
- Göngustíga meðfram kirkjugarði og að Þorrasölum þarf að klára.
- Hringtorg of há, byrgja sýn.
- Létta umferð á Fífuhvammsvegi.

Borð 4 Niðurstöður.

- Göngustígar eru góðir en bæta þarf lýsingu á þeim.

Bæta öryggi allra á Selhrygg og klára stíg meðfram kirkjugarði. Bæta þarf tengingar yfir í Garðabæ og Hafnarfjörð.

- Bæta strætó í hverfinu.
- Bílastæði við Krónuna þarf að laga og umferðina þar í kring.
- Hringtorg eru of há og erfitt að sjá yfir þau, hraði er mikill í hringtorgum.
- Létta umferð á Fífuhvammsvegi.

Samantekt við svörum á íbúafundi í Fífuhvammi.

Samfélag – samantekt.

1. Hvað finnst þér um þær hugmyndir sem kynntar hafa verið hér í dag um fyrirhugaðar breytingar?

Nokkuð jákvæð viðbrögð en áhyggjur beinast að 32 hæða turni og Arnarnesvegi. Þá er einnig nefnd hljóð- og svifryksmengun.

2. Hver finnast þér vera helstu einkenni hverfisins?

Fjölbreytt þjónusta, gott og fjölskylduvænt hverfi.

3. Hvernig lýsir þú hverfinu þínu, t.d. upplifun og staðaranda?

Gott og fjölskylduvænt hverfi sem gott er að búa í og stutt í alla þjónustu.

4. Ertu sátt/ur við staðsetningu ... í hverfinu?

Skóla – já.

Sundlaugar – já.

Opin svæði – já.

Leiksvæði barna – já en það vantar leiksvæði fyrir þá sem búa í Örvasölum og þar í kring, skólalóð Salaskóla þarf að laga, uppbygging og viðhald opinna svæða hefur gleymst.

Verslanir – já.

5. Er einhver verslun eða þjónusta sem þér finnst vanta í hverfið?

Ekki mikið sem vantar en nefnd eru; fiskbúð, bakarí og kaffihús.

6. Leiðarkerfi Strætó. Hvað finnst þér um tíðni ferða?

Rúmlega helmingur notar ekki strætó en aðrir eru ýmist sáttir eða benda á tíðni ferða á virkum dögum og um helgar.

7. Leiðarkerfi Strætó. Hvað finnst þér um áfangastaði Strætó? Kemstu allra þinna ferða sem þú óskar eftir?

Nefnd eru svæði eins og Mjódd, Fagrilundur og Hafnarfjörður. Einnig er nefnd hraðferð í Hamraborg og jafnvel Mjódd.

Náttúra, umhverfi og útivist – samantekt.

1. Hvaða svæði notar þú helst til útivistar í hverfinu?

Kirkjugarðinn og stíginn þar meðfram, Selhrygg og stígakerfið almennt í hverfinu.

2. Hvað finnst þér að helst megi bæta á útivistarsvæðum í hverfinu?

Nota gróður til að mynda skjól. Viðhald og snyrtilegt umhverfi, laga stíga og aðskilja þá fyrir gangandi og hjólandi umferð.

3. Hvernig nýtir þú útivistarsvæði í hverfinu þínu?

Þau eru aðallega nýtt til að ganga og hlaupa um.

4. Ertu ánægð/ur með útivistarsvæðin í hverfinu? Selhrygg, Leirdal, Rjúpnahæð. Nefndu dæmi.

ATH

5. Hvernig vilt þú mæta auknum kröfum um flokkun heimilissorps? Viltu flokka heimilissorp í heimahúsi eða í grenndargámastöðvum?

Jákvæð viðbrögð við aukinni flokkun, flestir vilja flokka í heimahúsi.

6. Hefur þú áhuga á að rækta eigið grænmeti í garðlöndum Kópavogs?

12 segja nei en aðrir eru jákvæðir en taka fram að

kynningu vanti.

7. Ef já, er eitthvað sem kemur í veg fyrir að þú leigir garðlönd yfir sumartímann? Finnst þér vanta aukna fræðslu eða kynningu?

Vantar kynningu og upplýsingar að mati þeirra sem svara spurningunni.

Samgöngur og umferðaröryggi – samantekt.

1. Hvað finnst þér um umferðaröryggi í hverfinu? (bílar, hjól, gangandi og almenningsvagnar).

Ágætt umferðaröryggi en þó nokkur atriði sem bent er á, s.s. hraðakstur, umferðarþungi og að aðskilja þurfi göngu- og hjólastíga.

2. Hvað finnst þér um lýsingu á göngu- og hjólastígum? Er hún ásættanleg? Nefndu dæmi.

Almennt ágæt en nokkrir staðir nefndir;

- Örvasalir og hjá golfvelli.
- Björtusalir að Salaskóla.
- Lindavegur.
- Á stíg milli Mela- og Ljósulindar.
- Frá Kór að Salahverfi.
- Milli Sólarisala og Salaskóla.

- Fífusalir við leikskóla.

3. Hvernig gengur umferðin á álagstímum, morgunumferð og seinni parts umferð? T.d. á Fífuhvammsvegi. Nefndu dæmi.

Almennt er umferð nokkuð þung á álagstímum og nokkur svæði nefnd sérstaklega;

- Af Lindarvegi inn á Fífuhvammsveg.

- Bæjarlind.

- Vantar að tvöfalda Fífuhvammsveg.

4. Hjólar þú í vinnu?

Fæstir hjóla í vinnu.

5. Hjólar þú í frístundum?

Meira en helmingur hjólar í frístundum af þeim sem svöruðu spurningunni.

6. Finnst þér þörf á sérstökum hjólastígum? Ef já, hvar þá helst? Á Selhrygg eða meðfram Fífuhvammsvegi?

Flestir svara játandi og þau svæði sem eru helst nefnd eru;

- Í kringum kirkjugarð.

- Yfir í Garðabæ.

- Vantar stofnstígatengingu um Selhrygg – Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarveg, mætti líka vera meðfram Fífuhvammsvegi.

7. Finnst þér vanta hjólastæði við stofnanir eða á öðrum stöðum í hverfinu, t.d. við verslanir? Ef já, hvar þá helst?

Þeir staðir sem eru nefndir eru verslunarkjarnarnir Krónan, Smáratorg, Smáralind og Nettó. Einnig eru skólarnir nefndir og við strætóskýli.

8. Hvernig finnast þér tengingar á milli hverfa fyrir gangandi- og hjólandi umferð?

Að Kópavogsdal – ágæt.

Að Vatnsenda – fín.

Yfir í Smáralind – ekki nógu góð.

Yfir til Reykjavíkur – fín.

Annað – vantar tengingu við Garðabæ.

9. Hvernig finnst þér aðkoma að Salalaug vera eftir úrbætur sem gerðar hafa verið? Fyrir gangandi, hjólandi og bíla. Ef ekki hvar þarf að laga að þínu mati?

Inngangur er of langt frá bílastæði er skoðun einhverra og álag á morgnanna vegna Salaskóla er einnig nefnt. Annars er viðhorfið nokkuð jákvætt.

10. Sérð þú fyrir þér að nota umhverfsvænni samgöngumáta, t.d. almenningsvagna, hjóla og rafmagnsbíla í framtíðinni?

Íbúar voru almennt nokkuð jákvæðir fyrir aukinni notkun á umhverfsvænum samgöngumátum.

Samfélag.

1. Hvað finnst þér um þær hugmyndir sem kynntar hafa verið hér í dag um fyrirhugaðar breytingar?

- Vel, fyrir utan stóra turninn í Glaðheimahverfi.
- Nokkuð áhugaverðar, áhyggjur af umferð og umferðaröryggi.
- Turn í 30 hæðum allt of hátt. Er hugað að hávaða frá stofnbraut/Arnarnesvegi.
- Eðlileg uppbygging í þróun hverfis.
- Mjög jákvætt.
- Engu svarað.
- Góð hugmynd um íbúðasvæði.
- Kom seint, missti af því.
- Líst vel á, en þétting má ekki vera meiri en kynnt var.
- Líst ágætlega á þær fyrir utan turninn, 32 hæðir.

- Ágætar, nema mér list ekki á turnbyggingar.
- List illa á Arnarnesveg, einkum með tengingu við Breiðholtsbraut. Eins illa við turna í Glaðheimum.
- Vel, fyrir utan háhýsi á Glaðheimasvæði.
- Rólegt, yndislegt.
- Arnarnesvegur of stór og nálægt byggð.
- List ekki á 30 hæða turn í hverfinu.
- Fróðlegt og er þeim samþykkt.
- Nokkuð sáttur.
- Frekar jákvæður nema 32 hæða turn, of mikið skrifstofuhúsnæði.
- Mikið magn af byggingum og verslanir gætu orðið of margar – meiri íbúðarbyggð.
- Gatnaframkvæmdir með stofnbraut í gegn um mitt hverfið. Flottar hugmyndir með Glaðheima.
- Mikil ánægja með breytingar á Arnarnesvegi. Einnig þarf að huga að breytingum á veg fyrirkomulagi við Lindir/Krónuna. Vantar eitthvað um gróðursetningu og uppbyggingu opinnasvæða í F5.
- Að mörgu leiti ágætar en háhýsi sem eru inni á Glaðheimasvæði og bygging á Lindum IV.
- Okkur lýst ágætlega á þær.
- Vel.
- Ekki fleiri turna.
- Ágætar.
- List vel á flest. Ánægð með að umferðin flytjist fjær Lindaskóla. Velti fyrir mér hvaða áhrif nýja byggðin hefur á Lindaskóla (fjöldi).
- Mismunandi, Arnarnesvegur ekki rétt staðsettur.
- Áhugaverður, Arnarnesvegur er nálægt skóla. Hljóðmengun, svifryk og slysaætta.
- Þær líta ágætlega út.
- 2. Hver finnast þér vera helstu einkenni hverfisins?
- Sundlaugin, Gerpla, Krónan.
- Mikið af verslunar og þjónustuhúsnæði.
- Aðgengi gott.
- Íbúðavænt hverfi.
- Gott skipulag.
- Sjáu sér nægt með flesta þjónustu, fallegt útsýni, næg opin svæði.
- Engu svarað.
- Stutt í alla þjónustu, góðir göngustígar.
- Íbúðarbyggð, langar vegalengdir.
- Þetta er eins og lítið bæjarfélag, þar sem maður þekkir flesta í hverfinu.
- Engu svarað.
- Mikið af fjölskyldufólki, brekkur.
- Miðsvæðis, gott aðgengi, stutt í alla þjónustu.
- Rólegt, yndislegt.
- Rólegt, gott hverfi með góðum skóla.
- Vel hannað hverfi, Lindahverfi.
- Mjög gott að búa í Salahverfi, þekki það bara út frá efri árum.
- Lítil mengun, hreint loft.
- Íbúavænt.
- Barnvænt.
- Frekar rólegt, stutt í þjónustu .
- Lindahverfi er vel skipulagt íbúðahverfi (hlýlegt) sem ekki má skemma með háhýsum og meiri umferð.
- Þæginnlegt hverfi þar sem öll þjónusta er til staðar.

- Miðbær og góð staðsetning, mikil þjónusta, góðar gönguleiðir.
 - Rok, hvass vindur – vantar meiri gróður – hávaxin tré til skjóls.
 - Fjölbreytt húsnæðisform, verslun og ýmis þjónusta í göngufæri við íbúa.
 - Útivistarsvæði, verslun og þjónusta. Góð staðsetning. Gott skólastarf sem er umtalað. Kostur að hafa sundlaug í hverfinu.
 - Rólegt, stutt í náttúruna.
 - Fjölskylduvænt og góð þjónusta.
3. Hvernig lýsir þú hverfinu þínu, t.d. upplifun og staðaranda?
- Gott hverfi en munur að vera í „innan hrings“ í Salahverfi en utan þar sem börn þurfa að fara yfir götu.
 - Gott að búa, góðir skólar, stutt í alla þjónustu.
 - Ágætt.
 - Fjölskylduvænt.
 - Opið og vel skipulagt hverfi.
 - Hressandi.
 - Barnvænt og notalegt.
- Mjög gott að búa hérna.
 - Jákvætt, svolítið ófullgert við Þorrasali.
 - Frábært hverfi með góðan anda.
 - Ágætlega og kemur vel út fyrir íbúana.
 - Jákvætt. Fremur fjölskylduvænt.
 - Gott að búa, stutt í allt.
 - Gott hverfi – gott að búa.
 - Öruggt.
 - Fjölskylduvænt afdrep fyrir utan borg og asa.
 - Rólegt og nokkuð öruggt.
 - Gott hverfi.
 - Í miðbæ en stutt í náttúruna.
 - Rólegt þar sem ég bý, smá sveitabragur þar sem ég bý en stutt í allt.
 - Frábært, stutt í þjónustu og útivistarsvæði. Mjög gott að vera með börn í hverfinu þar sem skipulagið er í kringum leik- og grunnskóla.
 - Gott að vera með börn. Gott til útistar. Fólki líður vel hér.
4. Ertu sátt/ur við staðsetningu ... í hverfinu?
- skóla – já, já, já, já, já, já, já, já, já, já, mjög sáttur, já, já, mjög góður, já, já, já, já, já, já, já, góð, já, já, já, já, já.
 - sundlaugar – já, já, já, já, já, já, já, já, já, já, mjög sáttur, já, já, frábær, já, er mjög góð – mætti huga betur að skjóli vegna vinds, já, já, já, já, já, já, já, góð, já, já, já, já, já.
 - opinna svæða – já, nei, já, já, já, já, já, já, já, já, já, lítið um slíkt, já, já, góð, já, nei, já, já, já, já, já, ágæt, já, já en uppbygging og viðhald hefur gleymst, já, já.
 - leiksvæða barna – nei – er í Örvasölum og næsta leiksvæði er í Salaskóla. Ekki verið gert leiksvæði líkt og aðalskipulag gerir ráð fyrir. Skólalóð Salaskóla er glötuð, samanborið við Hörðuvallaskóla og Lindaskóla. Já, já, já, já, já, já, þekki ekki nógu vel, já, mættu vera fleiri, mætti vera meira af þeim, já, já, ágæt, já, góð, já mætti setja meiri metnað í skólalóð Salaskóla, nei gætu verið fleiri, já, já, já, já, já, já en uppbygging og viðhald hefur gleymst, já, já.
 - Verslunar – já, já, já, já, já, já, já, já, já, já, sáttur, já, já, já, frekar, já, já, já, hefði gjarnan viljað losna við Krónuna og Elko, já, já, já, já, já ágætt eins og er, já, já.
5. Er einhver verslun eða þjónusta sem þér finnst

-
- vanta í hverfið?
- Engu svarað.
 - Ekkert sérstaklega.
 - ?
 - Nei.
 - Fiskbúð.
 - Engu svarað.
 - Nei.
 - Nei.
 - Nei.
 - Bakarí.
 - Nei.
 - Nei.
 - Nei.
 - Kaffihús, opnanir um helgar og á kvöldin.
 - Fiskbúð.
 - Veit ekki.
 - Veit ekki.
 - Nei.
- Nei.
 - Nei.
 - Nei.
 - Ekki sem ég man eftir.
 - Veit ekki hvort að það væri markaður fyrir það en það væri frábært að hafa hverfiskaffihús.
 - Nei.
6. Leiðarkerfi Strætó. Hvað finnst þér um tíðni ferða?
- Nota ekki.
 - Nokkuð gott.
 - Engu svarað.
 - Tíðni hentar mér vel.
 - Hef ekki skoðun.
 - Hef ekki komist upp á lag að nota strætó.
 - Slæm.
 - Veit ekkert um það.
 - Þekki ekki.
 - Nýti mér ekki.
 - Of sjaldan, sérstaklega leið 28.
- Ok.
 - Hef ekki þurft að nota strætó.
 - Góðar.
 - Má alltaf bæta, ágætt.
 - Ekki notað.
 - Allar á sama tíma og of fáar.
 - Nota það ekki.
 - Nota það ekki.
 - Þekki ekki.
 - Nota ekki strætó.
 - Notum ekki strætó.
 - Hef ekki skoðun.
 - Ágæt.
 - Mætti vera tíðari um helgar.
 - Ok.
 - Nota lítið en akstri líkur of snemma.
 - Snilld, hentar mjög vel fyrir okkur. Mætti skoða helgar nr. 2.
 - Tíðnin er í lagi.

7. Leiðarkerfi Strætó. Hvað finnst þér um áfangastaði Strætó? Kemstu allra þinna ferða sem þú óskar eftir?

- Nota ekki.
- Nota strætó lítið en held að það sé nokkuð gott.
- Engu svarað.
- Að mestu í góðu lagi. Þó er erfitt að taka strætó sem gengur í Mjódd.
- Hef ekki skoðun.
- ?
- Nei.
- Þekki ekki.
- Þekki ekki.
- Nýti mér ekki.
- Yfirleitt gott. Vantar leið í Fagralund vegna íþróttæfinga.
- Já.
- Já, nota strætó mikið.
- Nota það lítið, get illa metið.
- Ekki notað.

- Nei þarf að skifta og bíða lengi á milli.
- Nota það ekki.
- Þekki ekki.
- Nota ekki strætó.
- Notum ekki strætó.
- Hef ekki skoðun.
- Já.
- Mætti vera betri tenging í Hafnarfjörð.
- Já en leiðir of langar.
- Já auðvelt að fara hvert sem er.
- Það vantar hraðleið í Hamraborg og jafnvel í Mjódd.

Þrjú helstu lykilatriðin.

- Leiksvæði fyrir Örvasali og Öldusali.
- Betri skólalóð og leiktæki við Salaskóla.
- Ekki þennan stóra turn í Glaðheimum.
- Umferðaröryggi.
- Ekki byggja háa turna, hafa lágreista byggð.
- Klára göngustíga og frágang.

- Of háir turnar eru óásættanlegir.
- Gott aðgengi og flæði er jákvætt.
- Hávaði af Arnarnesvegi.
- Fjölskylduvænt hverfi.
- Ekki leyfa byggingu of hás turns vegna sjónmengunar og vindáhrifa.
- Af hverju er göngustígur í gegnum golfvöllinn?
- Staðsetning göngustíga.
- Ekki of háar blokkir, það myndast rok í kringum þær.
- Góð útivistarsvæði með trjám og blómum.
- Gott að vera nálægt Smáralindinni.
- Skrúðgarð.
- Arnarnesvegur mun kljúfa hverfið í sundur.
- Vara við gegnumstreymisumferð um Arnarnesveg.
- Bæta/auka tíðni strætóferða.
- Fjölskylduvænt hverfi.
- Þjónusta vel staðsett.
- Sami aðili fái að halda áfram með Gym heilsu. Traustur maður alltaf með sömu kennitölu fái

- áfram að halda sömu aðstöðu við sundlaugina.
Heldur við góðri heilsu íbúa Kópavogs. Á sanngjörnu verði.
- Göngustígar við kirkjugarð og undirgöng við Nettó þarf að klára.
 - Skólalóð við Salaskóla – vantar leiktæki.
 - Sundlaug of stutt.
 - Turninn lægri.
 - Ekki háan turn.
 - Kaffihús.
 - Frábært og vel hannað hverfi.
 - Ánægð með mitt hverfi.
 - Heilsugæsla góð.
 - Þjónusta góð.
 - Þegar sandað er á Salavegi er ekki farið alla leið, skilin eftir efri hlutinn.
 - Sóða skapur er í kringum Heilsugæsluna í Salahverfi, þarf að þrifa.
 - Öruggt.
 - Íbúavænt.
 - Betri þjónustu, t.d. strætó.
 - Of þétt byggð.
 - Vantar fleiri opin svæði.
 - Greiðari samgöngur og vegir fullbyggðir og kláraðir.
 - Umferð og hljóðvist.
 - Barnvænt.
 - Íþróttamannvirki.
 - Staðsetning Arnarnesvegur eykur umferð og óryggi.
 - Hljóðmengun af Arnarnesvegi.
 - Þjónusta góð og barnvænt hverfi.
 - Stutt í flesta þjónustu.
 - Öll þjónusta til staðar.
 - Í miðbæ en stutt í náttúruna.
 - Vel heppnuð byggð.
 - Mynda skjól með trjágróðri – hávöxnum.
 - Salalaug opin á helgi og frídögum.
 - Arnarnesvegur tenging við Breiðholtsbraut.
 - Stutt í verslun og þjónustu.
 - Opin svæði.
 - Góð staðsetning skóla.
 - Útivist/græn svæði inni í hverfinu.
 - Stór umferðargata færð út úr Lindahverfi.
 - Öflugt skólastarf.
 - Þjónusta.
 - Arnarnesvegur – eykur umferð nálægt skóla.
 - Viðhalda útivistarsvæðum.
- Náttúra, umhverfi og útivist.**
1. Hvaða svæði notar þú helst til útivistar í hverfinu?
- Götuna, við Salaskóla og Fífusali.
 - Göngustíga um kirkjugarð og yfir að Víflsstaðavatni.
 - Svæði milli Sala- og Seljahverfis, og Heiðmörk.
 - Göngustíga í hverfinu, ásamt stígum við Elliðavatn.
 - Göngustíga og golfvöllinn.
 - Gönuleið til sundlaugar og gönguleið austur á bóginn.
 - Göngusvæði kringum kirkjugarðinn.
 - Göngustíga.
 - Smalaholt.

- *Golfvöllurinn og göngustaðir í hverfinu.*
- *Kem til með að nota þau.*
- *Selhrygg.*
- *Svæðið við og fyrir ofan Lindaskóla.*
- *Garðinn minn og umhverfi hans, gönguleiðir.*
- *Göngustíga.*
- *Allt hverfið.*
- *Stíginn milli Kópavogs og Breiðholts. Umhverfis golfvöllinn, Rjúpnahæðina – mjög góðar gönguleiðir.*
- *Göngustíga hverfisins, mjög vel er hugsað um að hreinsa snjó og sand – mjög gott.*
- *Göngustíga.*
- *Kópavogsdalur.*
- *Salaskóla, göngustígar um Salahverfi.*
- *F5, Salaskóli og opin svæði þar.*
- *Göngustígakerfi Kópavogs.*
- *Við notum okkur kirkjugarðinn til útivistar.*
- *Umhverfis kirkjugarðin, við golfvöllinn.*
- *Göngustígar.*
- *Selhrygg og Kópavogsdal.*
- *Græna svæðið í miðju Lindahverfi. Göngustíginn milli Kópavogs og Breiðholts. Nýbúin að uppgötva búddann.*
- *Pallinn minn. Þess utan geng ég mikið um stíga með hundinn.*
- *Leiksvæði í Salarhverfi.*
- *Göngustígur milli hverfisins og Breiðholts.*
- 2. *Hvað finnst þér að helst megji bæta á útivistarsvæðum í hverfinu?*
- *Góða snjópotubrekku í Salahverfi.*
- *Klára göngustíga og viðhalda þeim.*
- *Fleiri bekkir, jafnvel borð.*
- *Setja upplýsingaskilti við göngustíga.*
- *Skjólveggi, merkja örnefndi.*
- *Skapa skjól ef hægt er.*
- *Eyða vargfugli í kirkjugarði.*
- *Fleiri bekki og hafa og snyrtilegt umhverfi.*
- *Fjölbreyttari gróður, ekki bara stafafuru.*
- *Engu svarað.*
- *Gott væri að hafa íþróttataeki á stöku stað, skjólsæl svæði.*
- *Þau eru almennt frekar lítil og búið að þrengja mikið að þeim.*
- *Meiri gróður, reglulegri hreinsanir fyrr á vorin.*
- *Göngustíg og undirgöng við Nettó. Klára göngustíg í kringum kirkjugarð.*
- *Laga göngustíga, gera hjólastíga.*
- *Hreinsa betur laust rusl.*
- *Veit ekki. Jú búa til skjól fyrir vindi.*
- *Setja fleiri bekki.*
- *Betri tengingu við önnur hverfi fyrir gangandi.*
- *Græða, gróðursetja og skipuleggja. Skólalóð Salaskóla má bæta mikið. Einnig svæðið í kringum kirkjugarðinn.*
- *Er sátt en mætti bæta við bekkjum og sorptunnum.*
- *Meiri gróður og bekki.*
- *Umgengni og viðhald við það umhverfi sem er. Búa til náttúruleiksvæði fyrir fjölskyldur. Grunnskólar gerðu flott verkefni á 50 ára afmæli – bæta úr og laga.*

- Frábært ef hægt væri að útbúa ævinstýraleikvöll fyrir krakka í hverfinu, ef til vill við Selhrygg þar sem er útsýnisskífa og vísir að hjólaþrautarbraut.
 - Gróður, leiktæki o.fl.
 - Ekkert.
3. Hvernig nýtir þú útivistarsvæði í hverfinu þínu?
- Engu svarað.
 - Til að hlaupa og ganga.
 - Til göngu.
 - Til göngu.
 - Gönguferðir og golf.
 - Sundlaugina daglega, barnabörn nota fótboltavelli.
 - Til göngu.
 - Geng um þau. Fer með barnabarnabörnin um þau.
 - Til labbitúra.
 - Göngutúrar.
 - Til göngu- og hjólaferða.
 - Gönguferðir og sleðaferðir.
 - Fer í gönguferðir.
 - Já mikið.
- Til göngu og hjólaferða.
 - Daglega.
 - Gönguferðir.
 - Göngu, sund og golf.
 - Útivist með fjölskyldunni.
 - Hjólaferðar og snjóþotna o.fl.
 - Til að ganga.
 - Til göngu og fuglaskoðunar.
 - Labba á göngustígum.
 - Göngu – hjóla.
 - Til göngu og hjóla.
 - Hlaupa, hjóla leika með börnin mín. Aðstaðan hjá Lindaskóla með hreystivöllinn er frábær.
 - Viðra hundinn og hann viðrar mig.
 - Leik með börnunum – útihlaup.
4. Ertu ánægð/ur með útivistarsvæðin í hverfinu? Selhrygg, Leirdal, Rjúpnahæð. Nefndu dæmi.
- Ég bý í Örfasölum og finnst þurfa göngustíg á Rjúpnahæð þar sem ég er með göngugarpa í garðinum á sumrin.
- Flott svæði.
 - Ágæt, væri til í að losna við lúpínu og að hætt yrði að slá móalandið.
 - Göngustígur um Selhrygg er mjög góður.
 - Mjög ánægður.
 - Hvar eru þau? Vantar merkingar.
 - Já, gott útsýni.
 - Í kirkjugarðinum mætti vera annað hlið í hinum endanum á garðinum.
 - Skemmtilegir göngustígur og útsýnisskífa.
 - Nota þá lítið.
 - Leirdalur er eiginlega bara golfsvæði og nýtist illa. Rjúpnahæð er illa skilgreint útivistarsvæði.
 - Já.
 - Já mikið.
 - Jebb.
 - Rjúpnahæð og Selhrygg – geng þar daglega.
 - Já Rjúpnahæð og þar í kring.
 - Leirdal og Selhrygg.
 - Já.

- Já leirdalnum og meðfram golfvöllinum.
 - Já, Selhrygg.
 - Já, Kópavogsdalinn út á bryggju, flott svæði.
 - Mætti gera þau meira aðlaðandi. Passa samt að hafa sum svæði náttúruleg en önnur kannski meira „unnin“.
 - Selhryggur er mjög góður, þarf að skoða notkun vél og rafhjóla.
5. Hvernig vilt þú mæta auknum kröfum um flokkun heimilissorps? Viltu flokka heimilissorp í heimahúsi eða á grenndargámastöðvum?
- Engu svarað.
 - Betri kynningu, eigum að flokka okkar sorp heima.
 - Ég er mjög ánægð með að hafa Sorpu þar sem hún er. Ég flokka allt og er með moltutunnu.
 - Það vantar endurvinnslutunnu fyrir allan endurvinnanlegan úrgang.
 - Flokka í heimahúsi.
 - Engu svarað.
 - Við heimahús.
 - Betri kynningu á flokkun heimilissorps.
 - Þarf ekki að vera að fullu í heimahúsi, plast í grenndargerði.
 - Í grenndargámastöðvum.
 - Flokkum heima, grenndargerði.
 - Best í heimahúsi, hafa tunnur fyrir pappír, plast, gler og lífrænan úrgang.
 - Flokkun heima.
 - Í grenndargámastöðvum.
 - Bara ekkert að flokka meira.
 - Flokka heima, fá úrlausn fyrir lífrænan úrgang nær heimili mínu.
 - Gott eins og það er í dag.
 - Flokka plastumbúðir.
 - Heimahúsi.
 - Vantar húsnæði á viðkomandi heimil til að geta flokkað betur sorpið.
 - Flokka heima.
 - Ég vil flokka heima og taka flokkunina alla leið eins og t.d. Stykkishólmur.
 - Erfitt að flokka meira, þar sem við búum í 12 hæða blokk.
 - Ég flokka heima.
 - Ég flokka meira, það vantar grenndargáma fyrir plast o.fl. í nágrenninu.
 - Hafa grenndargáma.
 - Heima.
 - Grenndargámastöðvum, nei.
6. Hefur þú áhuga á að rækta eigið grænmeti í garðlöndum Kópavogs?
- Kannski.
 - Nei.
 - Er með stóran garð, en er afar hlynt því að hafa garðlönd fyrir unga sem aldna.
 - Nei.
 - Nei.
 - Já.
 - Nei.
 - Ekki lengur en veit að margir hefðu áhuga.
 - Ekki raunhæfan áhuga.
 - Já.
 - Nei.

- Já mjög góður valkostur.
- Já.
- Nei.
- Nei, nota minn garð.
- Ekki persónulega.
- Nei of latur.
- Já.
- Vantar kynningu.
- Já.
- Nei.
- Já.
- Nei.
- Nei.
- Já, geri það nú þegar.
- Já.
- Já.
- Nei.

7. Ef já, er eitthvað sem kemur í veg fyrir að þú leigir garðlönd yfir sumartímann? Finnst þér vanta aukna fræðslu eða kynningu?

- Upplýsingar vantar, hvað þarf að gera, pöddur og slíkt.
- Er með eigin garð sem dugar mér.
- Engu svarað.
- Engu svarað.
- Engu svarað.
- Nei.
- Áhugaleysi.
- Engu svarað.
- Engu svarað.
- Já vantar kannski kynningu.
- Nei bara fín þjónusta.
- Of opið svæði, gengið yfir garðana.
- Nei.
- Nei.
- Fræðslu og fjarlægð.
- Kynningu.
- Já, vissi ekki að það væri í boði.
- Já mögulega.

- Er að leigja núna.
- Mætti minna á.
- Nei.

Þrjú helstu lykilatriðin:

- Losa sig við máfa ef hægt er.
- Fá göngustíg að útsýnissvæði á Rjúpnahæð.
- Útbúa snjópotu/skiðabrekku fyrir börn í Salahverfi.
- Klára göngustíga.
- Viðhalda útileiksvæðum.
- Finna lausnir til að losna við máfana.
- Ágangur og lausangur katta óþolandi, ekki hlustað á kvartanir þrátt fyrir reglur.
- Sóðagangur vegna máfa og hrafna.
- Ekki slá mólendi, rækta blómaengi.
- Vantar endurvinnslu fyrir allt endurvinnanlegt sorp.
- Vantar ráð til að losna við ketti.
- Vantar upplýsingaskilti á áhugaverða staði.
- Nákvæmari flokkun sorps.
- Athuga rokið og áhrif háhýsa.

- Hlið á kirkjugarðinn.
- Hreinsa útivistarsvæðin.
- Bekki.
- Bekk á horni Núpalandar og göngustígs upp í Ljósulind, á horni leikskólans.
- Útivistarsvæði svolítið ómarkviss.
- Flokka heimilissorp heima eða grenndargerði.
- Garðlönd jákvæð.
- Klára göngustíga og bæta lýsingu.
- Laga/yfirfara göngu- og hjólreiðastíga.
- Sjálfsagt að flokka sorp eins og gert er í dag.
- Góð útivistarsvæði.
- Mætti vera meiri trjágróður og hreinsa svæði en eyða lúpínu.
- Fallett umhverfi, gott til útivistar.
- Fleiri útivistarsvæði.
- Fylgjandi því að flokka sorpið betur.
- Græn svæði – fjárfesting í þeim.
- Gróðursetning.
- Viðhald leik- og sparkvalla.

- Almenn ánægja með útivistarsvæði.
- Flokkun sorps, grenndargámar.
- Viðhald á því sem er.
- Náttúru leiksvæði fyrir alla fjölskylduna. Ævintýragarð, nú er smá vísir að slíku við Selhrygg (Reykjavíkurmegin).
- Vont að hafa vélhjól á göngustígum og þar eru líka ung börn.
- Hægt að flokka meira í hverfunum.
- Lífrænt box í svörtu tunnurnar (eins og á Akureyri).
- Vél og rafhjól á gangbrautum.

Samgöngur og umferðaröryggi:

1. Hvað finnst þér um umferðaröryggi á í hverfinu? (Bílar, hjól, gangandi og almenningsvagnar).
- Almennt gott en bílar keyra hratt frá hringtorgi við Salaskóla að Þorrasalablokkum og inn í hverfin.
 - Þarf að bæta á nokkrum gangbrautum, sérstaklega á Lindavegi.
 - Ágætt.
 - Nokkuð gott. Því göngustígar eru góðir.
 - Gatnamót Salavegar og Arnarnesvegur orðin mjög

- hættuleg.
- Engu svarað.
- Umferðaröryggi er í góðu lagi.
- Það eru alltaf einhverjir sem keyra of hratt.
- Ég kvarta ekki.
- Eins og er þá er umferðaröryggi í hverfinu gott en held að það breytist með Arnarnesveginum til hins verra. Mætti bæta göngustíga í hverfinu.
- Göngustígar yfirleitt góðir. Mætti vera meira um stíga með aðgreindum fyrir hjólandi og gangandi. Bílaumferð á köflum of hröð.
- Í lagi.
- Almennt í góðu lagi.
- Góðar.
- Fínt.
- Fífuhvammsvegurinn of þungur á álagstímum. Hvað þegar íbúðarbyggðin kemur inn ofan við Bæjarlindina?
- Má betrubæta.
- Of mikið um bifhjól á göngustígum og vantar gönguleiðir t.d. áherslu á g.braut við Nettó.

- Of þröngar götur og sér í lagi fyrir framan Elko/ Krónuna – tenging inn á Reykjanesbraut.
 - Gott en ég óttast breitingar með tilkomu stofnbrauta.
 - Nokkuð gott. Hef áhyggjur af meiri umferðarpunga með Arnarnesvegi.
 - Að mestu leiti í góðu standi en Lindir IV
 - Of mikil og þung umferð á (Lindavegi).
 - Fleiri hjólastíga.
 - Brekkan upp Hlíðardalsveg of erfið.
 - Vantar að göngustígar séu fyrir gangandi og óhætt fyrir ung börn. Ekki vespur og hröð hjólaumferð.
 - Þarf að lagfæra t.d. hringtorg. Eru flest blindhæð, þarf að lækka þau.
 - Notkun raf og vélhjóla á gangbrautum skapar hættu. Arnarnesvegur við skóla.
 - Vantar undirgöng eða brú á Fífuhvammsveg.
2. Hvað finnst þér um lýsingu á göngu- og hjólastígum? Er hún ásættanleg? Nefndu dæmi.
- Nei, lítil lýsing á veturna upp í Örvasölum og hjá golfvelli.
 - Þekki það ekki nógu vel.
 - Ágætt.
 - Já, hún er góð.
 - Í lagi.
 - Engu svarað.
 - Engu svarað.
 - Í Björtusölum eru bara ljós öðru megin í götunni og er oft mjög dimmt.
 - Niður með með Fífuhvammsvegi og ofan við Lindahverfi í lagi.
 - Hefur ekki verið að trufla mig.
 - Já.
 - Sleppur yfirleitt.
 - Ok.
 - Mætti vera betri í átt að Salaskóla.
 - Vantar betri lýsingu á Lindaveg.
 - Hún er ásættanleg.
 - Allt í lagi.
 - Lýsingu vantar á göngustíg á milli Melalindar og Ljósulindar.
 - Flott.
 - Já.
 - Hef ekki tekið eftir að því sé ábótavant.
 - Úr Kórnum yfir í Salahverfi, á göngustíg vantar lýsingu.
 - Of lítil, t.d. göngustígur milli Sólarsala og skóla, mjög dauf lýsing.
 - Mjög góð – bætt lýsing við Fífusali (leikskóla).
3. Hvernig gengur umferðin á álagstímum, morgnumferð og seinni parts umferð? T.d. á Fífuhvammsvegi. Nefndu dæmi.
- Mjög hæg umferð og allt í klessu í hálfu.
 - Gengur ekki vel að komast af Lindavegi yfir á Fífuhvammsveg.
 - Illa.
 - Mjög illa, sérstaklega á veturna.
 - Fífuhvammsvegur er frekar þungur á morgnanna.
 - Engu svarað.
 - Engu svarað.
 - Þung umferð á morgnanna.
 - Hæfilega.

-
- | | | |
|---|--|--|
| ● Er lítið í umferð á álagstímum. | 4. Hjólar þú í vinnu? | ● Nei. |
| ● Hjóla. | ● Nei. | ● Nei. |
| ● Erfitt að komast út af Lindavegi, mjög þung umferð á álagstímum. | ● Nei. | ● Nei. |
| ● Örlítið þung. | ● Nei. | ● Nei. |
| ● Mjög mikill flöskuháls frá Bæjarlind yfir á Fífuhvammsveg. | ● Nei. | ● Nei. |
| ● Er ekki á ferðinni fyrr en eftir 10. | ● Nei. | ● Stundum. |
| ● Mætti vera betri. | ● Nei. | ● Nei, gæti samt hugsað mér það ef góð leið í Hafnarfjörð. |
| ● Mjög hægt t.d. af Fjallalind/Fífuhvammsvegi. Fífuhvammsvegur – vantar tvöföldun á milli Lindarvegar og Salavegar. | ● Nei. | ● Nei. |
| ● Ekkert óeðlilegt. | ● Já. | ● Já. |
| ● Gengur vel, ef við munum að salta. | ● Já. | 5. Hjólar þú í frístundum? |
| ● Stífla á ákveðnum tímum og getur verið erfitt að komast inn í hringtorgið. | ● Stundum. | ● Stundum. |
| ● Erfið og þung. | ● Nei, hef aldrei haldið jafnvægi á hjóli. | ● Nei. |
| ● Erfitt að komast úr Lindahverfinu á morgnanna. Ætti að lagast með nýjum Arnarnesvegi. | ● Já. | ● Nei. |
| ● Almenn í lagi. | ● Nei. | ● Nei. |
| ● Umferð er ásættanleg. | ● Nei. | ● Nei. |

-
- Nei.
 - Engu svarað.
 - Nei.
 - Já.
 - Já.
 - Já.
 - Já.
 - Já.
 - Nei.
 - Nei.
 - Stundum.
 - Já.
 - Já.
 - Nei.
 - Nei.
 - Já.
 - Já.
 - Já.
 - Stundum.
- Já.
 - Já.
 - Já.
 - 6. Finnst þér þörf á sérstökum hjólastígum? Ef já, hvar þá helst? Á Selhrygg eða meðfram Fífuhvamsvegi?
 - Kringum kirkjugarðinn.
 - Nei.
 - Engu svarað.
 - Já.
 - Hef ekki skoðun
 - Engu svarað.
 - Engu svarað.
 - Já. Veit ekki hvar mesta þörfin er.
 - Já, fyrir yngsta fólkið.
 - Engu svarað.
 - Vantar stofnstígatengingu, Selhrygg – Reykjanesbraut – Hafnarfjarðarvegur. Mætti líka vera með Fífuhvamsvegi.
 - Engu svarað.
- Já.
 - Já.
 - Aðgreina hjóla- og göngustíga.
 - Já.
 - Nei.
 - Sem framtíðarplan finnst mér að hjólastígar eigi að vera sér.
 - Já.
 - Já, yfir í Garðabæ.
 - Meðfram Fífuhvamsvegi.
 - Já, væri mjög gott ef það væru góðir sérstakir hjólastígar.
 - Hjóla varla nóg til að hafa skoðun . hjóltreiddafólk þarf að sýna tillitssemi.
 - Já, Selhrygg.
 - Á Selhrygg.
 - 7. Finnst þér vanta hjólastæði við stofnanir eða á öðrum stöðum í hverfinu, t.d. við verslanir? Ef já, hvar þá helst?
 - Hjólagrindur við Salaskóla og hjá Nettó.
 - Nei.

- Nei.
- Nei.
- Hef ekki skoðun.
- Nei.
- Engu svarað.
- Engu svarað.
- Þekki ekki.
- Já, verslunarkjarna.
- Já, allsstaðar.
- Krónuna.
- Smáratorg og Smáralind.
- Já við Nettó og Salaskóla.
- Hjólastæði við skólana þarf að bæta.
- Veit ekki.
- Nei.
- Veit ekki.
- T.d. við Smáralind og við strætóskýli.
- Já mjög víða.
- Veit ekki.
- Þekki ekki.
- Nei.
- Vantar aðrar gerðir en gjarðarbana. Sem hægt er að læsa hjólin við.
- 8. Hvernig finnast þér tengingar á milli hverfa fyrir gangandi- og hjólandi umferð?
- Að Kópavogsdal – nokkuð góð, ágætt, góð, ok, í góðu lagi, fín, þokkaleg en vantar greiðari leið, sleppur en ekki skemmtileg, fínt, vantar, góð, góð, ekki nógu góð, góð, ágæt, ok, góð, í lagi.
- Að Vatnsenda – nokkuð góð, ágætt, góð, ok, í góðu lagi, fín, þokkaleg við kórinn en svo slæm, gott, fínt, mjög góð, ágæt, góð, fín.
- Yfir í Smáralind – nokkuð góð, ágætt, góð, ok, vantar göngubrú, í góðu lagi, fín, slæm leið með Fífuhvamsvegi. Bara fyrir bíla., léleg, gott, erfitt, mætti bæta, slæm frá Lindahverfi, góð en gæti verið betri, smá vesen, ekki nógu góð, ekki góð, ekki gott, góð, léleg.
- Yfir til Reykjavíkur – mætti vera betri, ágætt, góð, mjög slæm, í góðu lagi, fín, slæm, mjög gott, fínt, má bæta, sæmileg, mjög góð, góð, ágæt, flókin, góð, ok, góð, fín.
- Annað – Garðabæ og Smáralind, vantar yfir í Garðabæ, vantar góða tengingu við Garðabæ.
- 9. Hvernig finnst þér aðkoma að Salalaug vera eftir úrbætur sem gerðar hafa verið? Fyrir gangandi, hjólandi og bíla. Ef ekki hvar þarf að laga að þínu mati.
- Fínt.
- Góð.
- Inngangur í laugina er næstum á bakvið hús og ekki hugsaður fyrir fólk með hreyfihömlun þ.e. leið frá bílastæði að dyr.
- Þekki ekki, kem gangandi hinu megin frá.
- Hef ekki skoðun.
- Afbragðs aðgengi.
- Góð breyting.
- Engu svarað.
- Engu svarað.
- Engu svarað.
- Þokkaleg. Dálítið ruglingslegt hvar má aka og hvar ganga. Ekki gott fyrir börn.
- Vantar oft bílastæði við Salalaug og inngangur er of langt frá stæðum.

- Kem aðeins þar gangandi – fínt.
- Kem gangandi.
- Í lagi.
- Góð.
- Flott.
- Það er mikið álag umferðar við innkeyrslu inn á bílaplan á morgnanna vegna Salaskóla.
- Er trúlega ekki búin að fara í sund eftir breytingar.
- Já, undirgöng við Nettó og við Lindakirkju og umhverfis kirkjugarða.
- Ágæt.
- Veit ekki.
- Góð, sé ekki þörf á úrbótum.
- Hún er ágæt.

10. Sérð þú fyrir þér að nota umhverfisvænni samgöngumáta, t.d. almenningsvagna, hjól og rafmagnsbíla, í framtíðinni?

- Kannski.
- Rafmagnsbíla.
- Helst þessa tvo eða tvo jafnfljóta.

- Já, bæði rafmagnsbíl og almenningsvagna. Stakt far með strætó er hins vegar of dýrt til að hagkvæmt sé að nota strætó í bland við einkabíl.
- Já.
- Engu svarað.
- Kannski.
- Já það þarf að fara huga að því.
- Ekki mjög bjartsýnn á það.
- Hjól og rafmagnsbíla.
- Geri það í dag.
- Já.
- Já.
- Já.
- Rafmagnsbíla.
- Frítt í strætó.
- Já.
- Er á rafmagnsbíl.
- Já rafmagnsbíl.
- Væri til í að eiga rafmagnsbíl.
- Nei.

- Já rafbíl.
- Já tvímælalaust.
- Já.
- Rafmagnsbíla og almenningsgöngur
- Já

Þrjú helstu lykilatriðin

- Öryggi barna í kringum Arnarnesveg, sérstaklega sem þurfa að fara yfir veginn í skóla. Setja Arnarnesveg í stökk eins og hægt er, sérstaklega frá Þorrasölum og framhjá Salaskóla.
- Hjólagrindur við Salaskóla.
- Malbikaðan stíg frá Öldusölum án þess að fara yfir golfvöll.
- Bæta gangbrautir á Lindavegi.
- Samnita göngustíga og hjólastíga ekki hafa þetta sér.
- Það þarf að huga að hávaða frá Arnarnesvegi.
- Mætti fjölga skiltum t.d. um umferðarhraða.
- Dagurinn frægi þar sem ekki var saltað fer í sögubækurnar.
- Þar sem þörf er á má setja handrið á gönguleiðir.

- Meiri lýsingu í Björtusölum og fl. Stöðum. ● 3 ár – I.
- Vantar stofnstíga fyrir hjólandi umferð. ● 4 ár – I.
- Gott öryggi á göngustígum en á köflum hröð. ● 5 ár – I.
- bílaumferð. ● 6 ár –
- Bæta hreinsun göngustíga að vetri. ● 7 ár – II.
- Vantar sárlega hjólagrindur við Salaskóla. ● 8 ár – II.
- Leggja meiri áherslu á umferðaröryggi(gangbrautir). ● 9 ár – II.
- Langt á milli staða. ● 10 ár –
- Of mikið af bifhjólum á gönguleiðum. ● 11 ár – II.
- Umferðaröryggi – skólabíll, íþróttafélagaskutl. ● 12 ár – I.
- Umferðarhraði. ● 13 ár – I.
- Muna eftir því að salta. ● 14 ár – III.
- Tenging yfir í Hafnarfjörð (strætó/hjól). ● 15 ár – I.
- Vont að hafa hraða hjólaumferð og börn og ● 16 ár – III.
- gamalmenni á sömu stígum. ● 17 ár – I.
- Raf og vélhjól á göngustígum. ● 18 ár – I.
- 19 ár – I.

Hvað ertu búin/n að búa lengi í hverfinu?

- ár – I.
- 1 ár – III.
- 2 ár – II.

Spurningarkassi.

Af hverju valdir þú þetta hverfi fram yfir önnur að

búa í?

- Staðsetning – IIIII-III-I.
- Húsnæði – IIIII-III-III.
- Útsýni - I.
- Þjónusta – IIIII.
- Heilsugæslan - II.
- Göngustígar.
- Öryggi - IIII.
- Gott að búa.
- Skipulag - II.
- Yfirbragð.
- Skóli - IIII.
- Nálægt börnum og fjölskyldu - II.
- Íbúðaverð.
- Nálægð við útivistarsvæði og umhverfi – III.
- Barnvænt – I.
- Heppni.
- Hverfið.

Merkt inn á loftmynd.

- Göt í hljóðmön meðfram Arnarnesvegi vegna strætóbíðskýla.
- Gatnamótin Sólaralir/Arnarnesvegur eru hættuleg og hvað þá þegar umferð eykst með nýjum Arnarnesvegi.
- Umferðarhávaði berst frá Fífuhvammsvegi inn í hverfið – þar ætti að vera hljóðmön.
- Malbika þarf stíginn meðfram kirkjugarðinum.
- Gatnamótin Skógarlind/bílastæði Elkó/Krónunnar og að Reykjanesbraut eru slæm og hættuleg. Þau þarf að laga.
- Hringtorgið Fífuhvammsvegur/Lindarvegur/Hlíðardalsvegur er mjög umferðarpungt á álagstímum.

Plansar.

Uppáhaldsstaðurinn í hverfinu:

- Opið svæði ofan við Lindaskóla.
- Opið svæði milli Blásala og Forsala/Glósala.
- Selhryggur.
- Salalaug.
- Einhverjir nefna heimili sitt.

Kostir hverfisins:

- Opið svæði fyrir ofan Lindaskóla.
- Kirkjugarður.
- Golfvöllur.
- Verslunar- og þjónustukjarninn Salavegi.
- Selhryggur.

Gallar hverfisins:

- Nýr Arnarnesvegur.
- Verslunar- og þjónustukjarninn Salavegi.
- Opið svæði fyrir ofan Salalaug.
- Gatnamótin Lindarvegur og Bæjarlind.
- Hringtorgið Fífuhvammsvegur/Lindarvegur/Hlíðardalsvegur.
- Skógarlind 1.
- Gatnamótin frá bílastæði Krónunnar að Skógarlind.
- Grasvöllur fyrir ofan Hlíðardalsveg.

Hvar verslar þú?

- Allir sem merktu inn á kortið versla í Kópavogi nema einn.
- Flestir nefna Smáratorg, og verslunarkjarnana við Skógarlind og Salaveg.

- Önnur svæði sem eru nefnd eru Smáralind, Vallarkór og Ögurharf.

Opin svæði til útivistar í Kópavogi.

Hvaða opnu svæði notar þú?

- Kópavogstún – I.
- Kópavogsdalur III.
- Golfvöllur – III.
- Selhryggur – IIII- II.
- Opið svæði fyrir ofan Salalaug – IIII.
- Opið svæði fyrir ofan Lindaskóla – III.
- Kríunes – II.

Útivistarsvæði sem þarf að bæta í Kópavogi?

- Hádegishólar.
- Opið svæði hjá Öldusölum.
- Skólalóð við Salaskóla.
- Opið svæði fyrir ofan Salalaug.
- Opið svæði milli Blásala og Forsala.
- Svæði við leikskólann Núp.
- Opið svæði milli Köldulindar og Jöklalindar, grasvöllur.

- Opið svæði við Jórsali 5, 7 og 18.

Kostir, gallar og uppáhaldsstaðurinn í Kópavogi.

Kostir:

- Golfvöllur.
- Kórin.
- Kirkjugarður.
- Salalaug.
- Íþróttahús Gerplu.
- Versalavöllur.
- Leikskólinn Fífusalir.
- Selhryggur.
- Opið svæði ofan við Lindaskóla.
- Reykjanesbraut.
- Kópavogsdalur.
- Íþróttahúsið Digranesi.
- Íþróttahúsið Smárin/Fífan.
- Kópavogstjörn.
- Kópavogstún.
- Íþróttasvæðið Fagralundi.

Gallar:

- Opið svæði við endann á Öldusölum.
- Göngustígur meðfram kirkjugarði.
- Skólalóð Salaskóla.
- Versalavöllur
- Salavegur.
- Glæðheimar.
- Fífuhvamsvegur.
- Hringtorg við Fífuhvamsveg og Lindarveg.
- Skógarlind 1.
- Opið svæði milli Köldulindar og Jöklalindar, grasvöllur.
- Norðurturn.

Uppáhaldsstaður í Kópavogi

- Golfvöllur
- Gönguleiðir meðfram Elliðavatni.
- Opið svæði milli Blásala og Forsala.
- Opið svæði ofan við Lindaskóla.
- Borgarholt/Kópavogskirkja.

Fundað með hverfaráði Fífuhvamms 8. janúar og 3. júní 2014.

Eftirfarandi kom fram á fundunum:

- Virkja unglinga og börn í þátttöku t.d. í hverfisáætlun.
- Getur Lindaskóli tekið við auknum fjölda nemenda, í samræmi við kynningu á deiliskipulagi fyrir Glæðheima.
- Íbúaaukning? Hver verður hún?
- Hvernig verslun verður í hvoru hverfi fyrir sig?
- Blönduð byggð – jákvæður áhugi fyrir blandaðri byggð, það laðar að ólíka hópa í hverfin.
- Styrkja hjólreiðar og gönguleiðir – þarf að merkja betur.
- Merkingum (vegvisir) er ábótavant í bænum.
- Vatn er mikilvægt á opnum svæðum, gerir mikið fyrir umhverfið og börnin leika sér í því.
- Hverfaráð, þátttaka – slembiúrtak ekki besta lausnin. Mögulega væri góð lausn að hafa helming með slembiúrtaki og helming sjálfboðaliða.
- Kópavogi hefur alltaf vantað miðbæ – hverfaráðin eru mjög ánægð með fyrirhugaða miðborgarstemmningu.

-
- Íbúar kalla eftir kaffihúsi.
 - Hálsatorg er góð hugmynd en virkar ekki – starfsemin hentar ekki torginu – starfsemin laðar ekki að fólkið til að dvelja á svæðinu.
 - Við verðum að hafa skjól og sólarbirtu – við erum farin að gera kröfu um það að sitja úti en það eru ekki mörg ár síðan það byrjaði.
 - Leiktæki fyrir börn á opnum svæðum.
 - Hvað með hljóðmengun frá Reykjanesbrautinni? Verslun og þjónusta verður næst.
 - Reykjanesbrautinni og íbúðir fjær henni.
 - Heimasíðan – spurt var hvort íbúar geti komið með ábendingar í gegnum heimasíðuna. Bent var á ábendingarkerfið á heimasíðunni og svo fyrirhugaða síðu með hverfisskipulaginu þar sem hægt verður að senda inn ábendingar og athugasemdir.
 - Hverfaráðin vilja fá fundardagskrá fyrir fund og glærupakka.
 - Sú breyting sem var á hringtorgi á Fífuhammi hafði góð áhrif.
 - Mikil umferð er um Bæjarlindina.
 - Mávar í Fífuhammi – vandamál á sumrin.
 - Forgangsverkefni – útbúa lista sem íbúar geta kosið um (sambærilegt og betri Reykjavík).

Samráðsfundur með grænfána hóp Salaskóla 13. maí 2015

8 nemendur í 5.-7. bekk Salaskóla mættu á samráðsfund með verkefnastjóra hverfisáætlunar þar sem Salahverfi, Kópavogur og önnur mál voru rædd.

Eftirfarandi kom fram á fundinum og voru áhersluatriði nemenda:

Skólalóð

- Jafnvægisspítur á brennóvelli skemma völlinn.
- Kominn tími á að mála nýjar línur á brennóvöllinn.
- Fjölbreyttari leiktæki – skólalóðin í Hörðuvallaskóla er skemmtileg, t.d. aparóla og lítil fótboltamörk.
- Skólahreystibraut.
- Þarf að fjölga hjólastæðum á lóðinni (sjá myndir).
- Vespustæði eru við sundlaugina, margir sem koma á vespum.

Samgöngur

- Nemendurnir ganga flestir í skólann.
- Nemendur nota strætó til að komast í Tónlistarskóla Kópavogs.
- Leið 28 kemur oft of seint.
- Nemendur nota Blikarútuna til að komast í Fífuna og Fagralund.
- Gangu eða hjóla í Kórinn.

Hverfið

- Gott hverfi.
- Auðvelt að rata.
- Mikið barnahverfi.
- Öruggt hverfi fyrir gangandi og hjólandi.
- Ekki hröð bílaumferð um Salaveg.
- Nota gangbrautir til að komast yfir Salaveg og undirgöng til að komast undir Fífuhammsveg.
- Ekki mikil bílaumferð við skólann á morgnanna.
- Góðir göngustígar og auðvelt að fara um hverfið.
- Sundlaugin er mikill kostur.
- Næg þjónusta í hverfinu. Nettó, bensínstöð, hárgreiðslustofa, læknavakt, lasertag, veislusalur og apótek.
- Fjölga ruslatunnum og hafa ruslatunnur sem ekki er hægt að sparka botninn úr.
- Stækka golfvöllinn, fjölga holum Kópavogsmegin.
- Sópa betur stíga til að gera betri aðstæður fyrir hjólabretti.

Samráðsfundur með nemendaráði Lindaskóla 8. maí 2015

14 nemendur í 8. – 10. Bekk Lindaskóla mættu á samráðsfund með verkefnastjóra hverfisáætlunar þar sem Lindahverfi, Kópavogur og önnur mál voru rædd.

Eftirfarandi kom fram á fundinum og voru áhersluatriði nemenda:

Skólalóð

- Körfuboltavöllur sambærilegur og völlum í Garðabæ.
- Bæta þarf þær körfur sem eru á skólalóðinni.
- Fjölbreyttari leiktæki en eru samt ánægð með það sem er fyrir og gera sér grein fyrir að þeirra lóð er góð miðað við aðra skóla.
- Hjólastæði eru vel nýtt og vespustæði eru á lóðinni.
- Undirlag við hjólabrettavöll þarf að laga.
- Bæta þarf lýsingu á skólalóðinni sérstaklega við sparkvöll og körfuboltavöll.
- Komin tími á að skipta út gervigrasi á sparkvelli.
- Þarf að skipta um net á sparkvelli, boltinn fer oft yfir í garðlöndin.
- Krakkarnir óska eftir að fara meira út með kennsluna og nota umhverfið sem skólinn er í.
- Vantar að gefa skólanum bolta fyrir nemendur.

Garðlönd

- Nemendurnir telja þörf á að girða í kringum garðlöndin svo ekki sé

gengið yfir það sem þar er ræktað og koma þurfi í veg fyrir að boltinn af sparkvellingum lendi í ræktuninni.

Samgöngur

- Nemendurnir ganga flestir í skólann.
- Nemendur nota lítið strætó, komast flest gangandi eða eru keyrð.
- Þeim finnst dýrt í strætó.
- Þau komast ekki með strætó niður í Fagralund á æfingar.

Hverfið

- Rólegt.
- Snyrtilegt.
- Gott félagslíf.
- Vantar ruslatunnur.
- Vilja fá aftur mörk og bekki á grasvöllinn milli Köldulindar og Jöklalindar.
- Almenningsklósett.

Erindi frá íbúa

Axel heyti ég og er íbúi í Suðursölum.

Ég hef fylgst náið með framkvæmdum við nýjann Arnarnesveg og þau áhrif sem sá vegur mun hafa á okkur í Suðursölum 8, en með tilkomu þessarar tengingar sjáum við fram á verulega aukningu á umferð með tilheyrandi hávaða, mengun og hættu. Einnig má gera ráð fyrir að aðgengi að Sólarsölum, sem er eina leiðin inn að Suðursölum verði fyrir verulegum áhrifum, en það er slæmt nú þegar. Ætla má að stór hluti umferðar sem kemur frá Suðurnesjum, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og á erindi í efri byggðir Reykjavíkur eða út úr borginni muni færast yfir á þennan veg.

Ég sat íbúa samráðsfund í vor fyrir svæðið þar sem ég fékk ekki þau svör sem ég er að leita að með framhaldið.

Ég óska því hér með formlega eftir svörum og skýringum á eftirfarandi:

1. Hefur verið framkvæmt mat á áhrifum aukinnar umferðar með tilkomu þessara tengingar með tiliti til hljóðvistar og mengunnar.
2. Eins og sjá má á mynd merkt 1 þá er stórt gat í hljóðmön vegna undirganga og opið beint inn í bakgarðinn að Suðursölum 6-8. Af þessu höfum við íbúar miklar áhyggjur.
3. Gatnamót að Sólarsölum frá Arnarnesvegi merkt nr2 á mynd er eina aðgengi að Suðursölum. Þessi gatnamót eru mjög erfið og hættuleg í dag að mati okkar íbúa. Með auknum umferðarpunga má gera áætla að þessi gatnamót verði mun verri og miklu mun hættulegri, þá sérlega þar sem deiliskipulag geri ráð fyrir 4 akreinum þó sú framkvæmd sé ekki í þessum fasa. Hvað mun verða gert

varaðandi þessi gatnamót til að tryggja aðgengi og öryggi með verulega aukinni umferð.

4. Hljóðmanir merktar nr 3 á mynd eiga að vernda bakgarðinn fyrir ónæði af þessum vegi, eins og áður segir þá er stór gat í möninni sem þarf að skoða, en til viðbótar hef ég heimildir fyrir því að slíkar manir eiga það til með að síga verulega með árunum og missa því stórann hluta af uphaflegri virkni. Hefur farið fram mæling á hæð þessara mana nýlega og það skjól fyrir hávaða sem þær eru að veita vs. Það sem þær eiga að gera.
5. Hefur farið fram heilstætt mat á aukningu á umferðarpunga með tilkomu þessara framkvæmda og mótvægisáðgerðir þeirra vegna verðið skilgreindar og kynntar fyrir íbúum sem fyrir áhrifum þeirra verða. Ef ekki þá óska ég hér formlega eftir að það verði gert.
6. Verða gerðar þungatakmarkannir til að koma í veg fyrir óæskilega umferð í gegn um mitt íbúðahverfið?
7. Hraðakstur um Arnarnes veg er vandamál í dag að mati okkar íbúa, með aukinni umferð má áætla að það vandamál og hættan sem af því skapast muni aukast. Hefur verið lagt mat á þetta og einhverskonar mótvægisáðgerðir skilgreindar td fleiri hringtorg, hraðahindrannir, hámarkshraði eða áminningar skilti með hraðamæli. En vert er að hafa í huga að Arnarnesvegurinn liggur líka að Salaskóla.



Kópavogsbær